


## ÁSTIN ER BLIND Í HOLLYWOOD

Skilnaður Madonna og Guys Ritchie stendur upp úr á viðburðaríku ári í ástamálum stjarnanna



## BESTU OG VERSTU BÓKATITLAR ÁRSINS

Rökkurbýsnir vekja lukku en 10 ráð ekki

14



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

28. desember 2008 – 354. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


### SUNNUDAGUR



### LJÓTU KARLARNIR EKKI ÓMISSANDI


Kvikmyndin um æringjavinkonurnar Skoppu og Skríttlu var frumsýnd á annan í jólum.

VIÐTAL 12



**ÁFRAM MILT** Í dag verða suðlægar áttir, 3-10 m/s, stífastar norðvestan til. Lítilsháttar súld hér og hvar á landinu sunnan og vestanverðu en yfirleitt bjart norðaustan og austan til. Hiði 0-9 stig, svalast eystra.

VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft... alla daga  
Medalrestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.

## Vanskilagjöld gerð óheimil og þak sett á innheimtukostnað

Samkvæmt nýjum innheimtulögum sem taka gildi um áramót getur ráðherra sett hámark á innheimtukostnað. Talsmaður neytenda segir þetta mikla réttarbót. Innheimtufyrirtækin eru uggandi.

**NEYTENDUR** Ný innheimtulög taka gildi nú um áramótin. Samkvæmt þeim setur viðskiptaráðherra reglugerð, þar sem hægt er að kveða á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Þá verða vanskilagjöld óheimil.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir lögin mikla réttarbót. Í þeim séu ýmis nýmæli. „Helst ber að telja hámark á innheimtukostnað. Þá er einnig kveðið á um innheimtuviðvörðun, sem skuldara verður send áður en krafa fer í innheimtu. Með lögnum er fyrsta skrefið stigið í að rétta hlut neytenda og tryggja stöðu skuldara.“

Í drögum að reglugerð er kveðið á um að óheimilt sé að leggja á prósentugjöld miðað við skuld. Óvíst er hvort reglugerðin tekur gildi um áramótin og talsmenn innheimtufyrirtækja hafa gert athugasemdir við ákvæðið.

„Við teljum að það sé ekki í takt við það sem er að gerast í þjóðfélaginu að setja hámark á

Stundum geta menn einfaldlega ekki borgað og þá er óþarfi að hlaða upp enn meiri kostnaði fyrir skuldarann og þjóðfélagið.

**GÍSLI TRYGGVASON**  
TALSMANNAUR NEYTENDA

innheimtukostnað, heldur eigi samkeppnin að ráða. Við vitum ekki hver niðurstaðan verður, hvort þetta hefur áhrif á starfsemi okkar. Við höfum þó áhyggjur af því að ef hámarkið verður sett of lágt þá leggist þessi milli-innheimta af og við fáum aftur það ástand þegar mál fóru beint í lögfræðinga,“ segir Bjarni Þór Óskarsson, lögfræðilegur ráðgjafi hjá Intrum.

Gísli segir tvær ástæður vera fyrir því að menn greiði ekki skuldir, fyrir utan trassa-

skap sem innheimtuviðvörðunin tekur á. „Stundum geta menn einfaldlega ekki borgað og þá er óþarfi að hlaða upp enn meiri kostnaði fyrir skuldarann og þjóðfélagið. Vilji menn hins vegar ekki borga, hafa eitthvað við kröfurnar að athuga. Það þarf þá að leysa, en ekki bæta háum kostnaði við.“

Gísli segir mjög mikilvægt að reglugerðin komi sem fyrst, ekki of löngu eftir gildistöku laganna. Óljóst er þó hvenær hún kemur fram. Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, segir að mögulega þurfi lengra umsagnarferli.

„Það er erfitt að setta sjónarmið, annars vegar Neytendasamtakanna og talsmanns neytenda og hins vegar innheimtufyrirtækjanna sem óttast um grundvöll starfsemi sinnar. Mögulega þarf að fara út í nánari kostnaðargreiningu hjá fyrirtækjunum,“ segir Jón Þór.

- kóp



**RINGULREIÐ** Palestínur íbúi Buriej-flóttamannabúðanna á miðri Gazaströndinni heldur á fórnarlambi loftárása Ísraelsmanna.

Ísraelsmenn gerðu tugi loftárása á Palestínumenn og segjast ekki hættir:

## Á þriðja hundrað felldir á Gaza

**GAZA, AP** Minnst 225 Palestínumenn féllu í gær og mörg hundruð særðust eftir einhverjar blóðugustu árásir Ísraelsmanna á Gazaströndina frá upphafi.

Reyk lagði yfir Gaza eftir að yfir hundrað tonnum af sprengiefni var varpað víðs vegar á svæðið á skömmum tíma. Mikil

ringulreið ríkti á meðan fólk leit að barna sinna og ættingja meðal látinna og særðra á götum úti. Flestir látinna voru úr lögreglu-liði Hamas-samtakanna, en óbreyttir borgarar og börn voru einnig þar á meðal.

Loftárásirnar koma í kjölfar eldflaugaárása Hamas-liða yfir

landmærin eftir að vopnahléi lauk 19. desember.

Leiðtogar um allan heim biðuðu til Ísraelsmanna og Hamas-samtakanna að slíðra sverðin í gær. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hún sagði árásirnar óverjandi. - sh / sjá síðu 4

## Banaslys við Reykjanesbraut: Ökumaður lét lífið í bílslysi

**SLYS** Banaslys varð við Reykjanesbraut á sjötta tímanum í gær. Tildrög slyssins eru ekki að fullu ljós en svo virðist sem bíllinn hafi lent á ljósastaur og oltið í kjölfarið. Ökumaður bílsins, kona á sextugsaldri, var látinn þegar að var komið. Konan var ein í bílnum.

Slysið varð á milli Ásbrautar og Kaldárselsvegur í Hafnarfirði, til móts við gamla kirkjugarðinn. Loka þurfti Reykjanesbraut vegna slyssins um hríð og kom slökkvilið kom á vettvang og klippti á rafgeymi, vegna eldhættu, en ekki þurfti að beita klippum á bíllinn. Ljósastaurinn lagðist á jörðina við áreksturinn.

Ekki er unnt að greina frá nafni hinnar látnu að svo stöðu.

- kóp

## OPIÐ

ALLAN sólarhringinn  
ALLTAF í Skeifunni



**HAGKAUP**  
Ein færð betra verð



**ÚTSALAN**  
er hafin!



www.IKEA.is



## SPURNING DAGSINS



Jónmundur, er Seltjarnarnes lánlaus bær?

„Já, hann er fullkomlega lánlaus en samt leikur lánið við okkur.“

Seltjarnarnesbær hefur ekki tekið lán í tíu ár. Jónmundur Guðmarsson er bæjarstjóri á Seltjarnarnesi.

Norrænu þjóðirnar:

## Lána Lettum sömu upphæð og Íslandi

**NORÐURLÖND** Lettland fær 1.300 milljarða króna í erlend lán til að bjarga landinu úr efnahagskreppunni. Norrænu þjóðirnar, að Íslandi undanskildum, lána Lettum jafnvirði 319 milljarða íslenskra króna, að sögn norskra fjölmiðla, eða sömu upphæð og þær lánuðu Íslandi.

Danir, Finnar, Norðmenn og Svíar hafa unnið þétt saman að björgun Lettlands og með sama hætti og að björgun Íslands. Þetta hefur norska blaðið Address-avisen eftir Kristín Halvorsen, fjármálaráðgjafi Noregs.

ESB lánar Lettum mest, eða meira en 530 milljarða króna. Þá veitir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lán að fjárhæð um 320 milljarða króna.



KRISTÍN HALVORSEN

### ÚKRAÍNA

#### Fjárlög á skjön við AGS

Úkraínska þingið hefur samþykkt fjárlög sem stangast á við skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna láns til Úkraínu. Þingmenn segja að óraunhæfar væntingar séu um hagvöxt á næsta ári. Aðstoðarmaður forseta Úkraínu segir að semja verði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn upp á nýtt.

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Rólegt hjá lögreglunni

Rólegt hefur verið hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu síðan á föstudag. Færri voru í miðbænum aðfaranótt laugardags en við var búist. Brotist var inn í gám, vinnuskúr, nokkra bíla, rakarastofu og veitingastað. Litliræði var stolið.

Kjararáð hefur ákveðið að lækka laun stjórnmalamanna um 7,5 til 15 prósent:

## Forsætisráðherra með milljón

**VINNUMARKAÐUR** Kjararáð ákvað á fundi sínum í gærmorgun að lækka laun ráðherra og þingmanna um 7,5 til 15 prósent. Mánaðarlaun forsætisráðherra lækka mest, eða um tæplega 15 prósent, og má búast við að laun borgarstjóra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, lækki jafnmikið þar sem laun og launakjör borgarstjóra á að taka mið af launum forsætisráðherra. Lækkunin tekur gildi frá og með næstu mánaðarmótum og gildir ákvörðunin út næsta ár.

Mánaðarlaun Geirs H. Haarde forsætisráðherra verða 933.679 krónur að meðtöldu þingfararkaupi. Mánaðarlaun annarra ráðherra

verða 858.568 krónur að meðtöldu þingfararkaupi. Þingfararkaup verður 533.800 krónur á mánuði en var áður 562.020 krónur á mánuði.

Í tilkynningu frá kjararáði kemur fram að kjararáð ákveður aðeins hluta af launum þingmanna þar sem Alþingi tekur sjálft ákvarðanir um álag á þingfararkaup auk þingfararkostnaðar. Þannig fái þingmenn ýmsan starfstengdan

kostnað greiddan, til dæmis húsnæðiskostnað, og því geti kjararáð ekki uppfyllt þann tilgang laga að þeir þingmenn sem hæstu launin hafi lækki hlutfallslega meira en aðrir þingmenn.

Kjararáð vísar til þess að upplýsingar um launalækkanir æstu stjórnenda fyrirtækja á almennum vinnumarkaði séu nú farnar að koma fram. Mest hafi laun stjórnenda fjármálastofnana lækkað en lækkun hafi einnig orðið í öðrum greinum. Búast megi við að framhald verði á því. Þá hafi launavísitala lækkað milli mánaða en ekki hafi enn verið samið um launalækkanir ríkisstarfsmanna.



GEIR HAARDE

## Borgar 175 þúsund fyrir íbúð á Hrafnistu

Leiga níræðs manns á Hrafnistu við Hraunvang í Hafnarfirði hefur hækkað um tugi þúsunda á árinu sem er að líða. Verðbólguþraugnum að kenna, segir framkvæmdastjóri Naustavara, móðurfélags Hrafnistu og eiganda íbúðanna.

**SAMFÉLAGSMÁL** Gunnar Guðmundsson, eldri borgari sem býr í íbúð Hrafnistu við Hraunvang í Hafnarfirði, greiðir 175 þúsund krónur fyrir þriggja herbergja íbúð. Leigan hefur hækkað um þrjátíu þúsund krónur á einu ári.

Þegar Gunnar flutti inn fyrir rúmum fjórum árum var leigan um 130 þúsund krónur. Hann íhugar nú að minnka við sig eða jafnvel að kaupa sér íbúð. „Verðið hækkar hjá okkur á meðan það fer lækkanði annars staðar. Ef ég myndi kaupa íbúð þyrfti ég að greiða um 120 þúsund krónur á mánuði í afborganir.“

Hann segir þó ekki víst að hann láti af flutningum verða, enda myndi hann sakna Hrafnistu. Þar hafi hann aðgang að góðri þjónustu og ekki síst afbragðs útsýni.

„Leigan hjá okkur fylgir neysluverðsvísitölu og öll okkar lán eru tengd henni,“ segir Ásgeir Ingvarsson, framkvæmdastjóri hjá Naustavör, dótturfélagi Sjómannadagsráðs og eiganda íbúðanna.

Ásgeir segir heimild í samningum til að hækka leiguna enn frekar, meðal annars vegna hækkanur fasteignagjalda og trygginga. „Við höfum aldrei beitt þessum ákvæðum heldur tekið á okkur margar milljónir sjálf vegna þessa.“

Hann segir ekki hjá því komist að hækka leigu íbúðanna í samræmi við hækkan á vísitölu neysluverðs. „Lánið okkar hafa hækkað um einhver hundruð milljóna. Við þurftum að fjármagna okkar byggingar í gegnum Íbúðalánasjóð og tókum lán til fimmtíu ára. Við verðum sjálf að



LEIGUÍBÚÐIR VIÐ HRAFNISTU Leiguverð íbúða fyrir sextíu ára og eldri, sem Hrafnista leigir út, hefur hækkað um tugi þúsunda á árinu.

geta staðið í skilum. En við þurfum að losna við verðbólguþrauginn. Auðvitað verðum við númer eitt tvö og þrjú að búa við stöðugt verðlag.“

Hann segir leitast við að halda töxtum í lágmarki og einnig verði á þeirri þjónustu sem fólki kaupir af Hrafnistu. Hann telur fólk almennt ánægð með þjónustuna. Það segi sína sögu að þær 88 íbúðir sem félagið á, í Reykjavík og

Hafnarfirði, séu allar fullar. Ekki hafi verið laus íbúð í að minnsta kosti þrjú ár.

Sveitarfélögin hafa ekki komið til móts við félagið, að sögn Ásgeirs. „Við óskudum eftir því á sínum tíma við Hafnarfjarðarbæ að hlífa okkur við fasteignasköttum. Við höfum engan skilning fengið þar, ekki króna hefur verið gefin eftir.“

holmfridur@frettabladid.is

Salmonellusýkingin:

## Sex hross eru enn fárveik

**HEILBRIGÐISMÁL** 21 hross hefur nú drepist vegna salmonellusýkingar sem hefur geislað í stóði á Kjalarnesi frá því í byrjun vikunnar. Nokkur hross eru enn þá fárveik og horfurnar ekki góðar, að sögn Gunnars Arnar Guðmundssonar dýralæknis.

„Við erum voða hrædd um að hrossunum eigi eftir að fækka eitthvað meira,“ segir Gunnar Örn og telur að það skýrist á næstu tveimur sólarhringum „hvað lifir og hvað deyr“. Sýkt hross segir hann að séu nú sex talsins.

Hestarnir á Kjalarnesi voru upphaflega 41 talsins.

- ghs



HUGLEIDDU Akureyringar og nærsveitarmenn mynduðu hring og hugleiddu í tíu mínútur á Ráðhústorginu í gær.

MYND/GUBRÚN ÞÓRSÓTTIR

Mótmælafundur í gær:

## Hugleiddu frið í tíu mínútur

**STJÓRN MÁL** Mótmælafundur voru haldnir í Reykjavík og á Akureyri í gær. Nokkur hundruð manns komu saman á Austurvelli tólfta laugardaginn í röö.

Á Akureyri tókust hátt í 80 manns í hendur, mynduðu hring og hugleiddu frið og samkennd í tíu mínútur á Ráðhústorginu á Akureyri í gær. Undanfarna mánuði hefur hópur fólks hist fyrir utan Samkomuhúsið og gengið niður á Ráðhústorg undir yfirkriftinni „Virkjum lýðræðið“.

- ghs

Efnahagsbrotadeild:

## Rannsakar millifærslur

**LÖGREGLUMÁL** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra skoðar nú millifærslur upp á samtals hundruð milljarða króna frá Kaupþingi á Íslandi inn á erlenda bankareikninga. Grunur leikur á að stjórnendur bankans hafi fært vildarviðskiptavinum stórar fjárhæðir á silfurfati. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Greint var jafnframt frá því að efnahagsbrotadeild hefði borist ábending þessa efnis fyrir um hálfum mánuði. Um væri að ræða millifærslur upp á hundruð milljarða til annarra landa, aðallega Lúxemborgar.

- ghs

### RÁÐAMENN ÞJÓÐARINNAR



Kveðjum árið með nýju Stjórnvalatertunni!

FLUGELDAMARKAÐUR BJÖRGUNARSVEITANNA

Góð stemning ríkti á tónleikum til styrktar krabbameinssjúkum börnum í gær:

## Samtökin fengu veglegan styrk

**HEILBRIGÐISMÁL** Hinir árlegu Stórtónleikar til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna voru haldnir í Háskólabíói í gær. Í hléi var afhentur styrkur að fjárhæð 2,5 milljónir króna. Einar Bárðarson, einn af forsprökkum tónleikanna, segir að alls hafi safnast 27 milljónir í gegnum árin.

Uppselt var á tónleikana í ár tíunda árið í röð en heidursgestir voru Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri.

Á tónleikunum komu fram Lay Low, Sálín hans Jóns míns, Sprengjuhöllin, Helgi Björnsson, Bubbi Morthens, Páll Óskar, Skítamóral, Ragga Gröndal, Ingó Veðurguð, Stuðmenn, Friðrik Ómar og Regína og Klaufarnir. Allir, sem komu að tónleikunum, gáfu vinnu sína.

Árlega greinast tíu til tólf börn og unglingar, 18 ára og yngri, með krabbamein hér á landi. Markmiðið með stofnun Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna var meðal annars að styðja við bakið á þeim og aðstandendum þeirra bæði fjárhagslega og félagslega. Í upphafi hafði félagið takmarkað bolmagn til framkvæmda en úr rættist með stórrí



STYRKURINN AFHENTUR Tónlistarmenn gáfu sem endranær vinnu sína við tónleikana sem fóru fram fyrir fullu húsi. Alls hafa tónleikarnir skilað samtökunum 27 milljónir í gegnum árin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

landssöfnun árið 1993 þegar stofnaður var neyðarsjóður sem meðlimir Styrktarfélagisins geta sótt um fjárstyrk úr.

- ghs





# Á þriðja þúsund manns til taks fyrir þig – allan ársins hring!

Í björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru á þriðja þúsund sjálfboðaliða sem leggja fram árlega meira en 650 þúsund vinnustundir. Fólk úr öllum starfsgreinum sem er tilbúið þegar kallið kemur og stendur upp frá vinnu sinni eða fer úr fríi hvenær sem nauðsyn krefur.

Þetta fólk leggur fram 1780 klukkustundir að meðaltali á dag á hverju ári. Þennan hóp og landsmenn alla skiptir miklu máli að til taks séu tæki sem geta tekist á við þær erfiðu aðstæður sem upp geta komið í íslenskri náttúru.

Með því að kaupa flugeldana af okkur styður þú björgunarsveitirnar – því flugeldasalan heldur okkur gangandi.



**FLUGELDAMARKAÐIR  
BJÖRGUNARSVEITANNA**

Þú þekkir flugeldamarkaði björgunarsveitanna og vörur okkar á þessu merki.

Aðalbakhjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:



SLYSAVARNAFÉLAGID  
LANDSBJÖRG

– berst fyrir lífi þínu



GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,82	124,42
Sterlingspund	183,13	184,03
Evra	173,12	174,08
Dönsk króna	23,218	23,354
Norsk króna	17,625	17,729
Sænsk króna	15,801	15,893
Japanskt jen	1,3753	1,3833
SDR	191,00	192,14

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
221,8308  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Norskir pólfarar slógu met: Ótrúlegt afrek á Suðurljónum

**NOREGUR** Fjórir norskir leiðangursmenn slógu met í göngu um jóln þegar þeir náðu á Suðurljónum á skíðum á 24 dögum, 8 klukkustundum og 50 mínútum. Það er níu og hálfum degi hraðar en aðrir hafa farið sömu leið, að sögn norska ríkisútvarpsins NRK. „Þetta er ótrúlegt afrek. Þeir hafa gert nokkuð sem má líkja við að ganga á fjallið Birkebeinaren 25 sinnum í röð og til viðbótar dregið á eftir sér þrjá fjórðuhluta af sinni líkamsþyngd á sleða. Það eru ekki margir sem geta gert það,“ segir Lars Ebbesen, talsmaður leiðangursins. Fjórmenningarnir gengu að meðaltal 37 kílómetra á dag. Það er um 7,5 kílómetrum lengri dagleið en aðrir leiðangursmenn hafa náð. - ghs

### HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

**Átta líknarfélög fá styrki**  
Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að styrkja átta líknar- og stuðningsfélög með hluta af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar, samtals um fimm milljónir.

### NOREGUR

**Árás í Afganistan**  
Norskar hersveitir urðu fyrir skotárás í norðurhluta Afganistan, skammt frá norsku herbúðunum nálægt Meymaneh, á laugardagsmorgun. Enginn særðist og eru norsku hermennirnir nú komnir af hættusvæðinu.

### SLÖKKVILIÐ

**Kviknaði í kertaskreytingu**  
Slökkviliðið á Sauðárkróki var kallað að raðhúsi um tvöleitið í gær eftir að reykjarmökkur hafði mætt húsráðanda þegar hann kom heim. Kviknað hafði í út frá kertaskreytingu en eldurinn hafði hins vegar þegar slöknað. Litlar skemmdir urðu en lofta þurfti vel út til að losna við reykinn og lyktina.

Nær þrefalt fleiri sækja um nám í Tækniskólanum en venja er:

# Vísa þarf frá í Tækniskólanum

**MENNTUN** Nær þrefalt fleiri hafa sótt um skólavist í Tækniskólanum nú en venja er, eða yfir 900 manns. Ekki eru fjárveitingar til fyrir öllum þessum fjölda og beidni um aukafjárveitingu hefur ekki enn verið afgreidd. Kennsla hefst 5. janúar.



BALDUR GÍSLASON

Baldur Gíslason skólameistari segir óljóst hve mörgum þurfi að vísa frá. „Að öllu óbreyttu getum við tekið við svona 450 til 500 af þessum hópi, það fer

eftir því í hvaða deildir sótt er um. Það gerbreystist náttúrulega fáum við aukafjárveitingu. Við gætum kannski aldrei tekið við öllum, en þó mun fleiri en ella.“

Baldur segir efnahagsástandið augljósa ástæðu fyrir aðsókninni. Bæði komi fólk til náms sem tekið hafi sér frí frá námi og verið í vinnu á meðan efnahagsástandið var gott og vel borgaða vinnu var að hafa. Þá komist margir ekki á samning og verði því að leita aftur inn í skólann, í stað þess að vera á vinnumarkaðnum.

„Við höfum rætt við ráðuneytið um aukafjárveitingu og höfum ekki fengið nei við því. En það er heldur



TÆKNISKÓLINN Yfir 900 manns hafa sótt um að hefja nám í Tækniskólanum nú um áramótin. Fjárveitingar duga ekki fyrir svo miklum fjölda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ekki búið að samþykkja málið. Tíminn fer að verða naumur þar sem við þurfum að ráða nýja kennara ef við eigum að taka við auknum fjölda nemenda.“ - kóp

## Kúrdískt sjónvarp í Tyrklandi: Sjónvarpi ætlað að veikja Kúrda

**TYRKLAND, AP** Sjónvarpsstöð sem sendir út á kúrdísku allan sólarhringinn hefur útsendingar á vegum tyrkneskra stjórnvalda í næstu viku. Kúrdíska var áður bönnuð í Tyrklandi, en talið er að sjónvarpsstöð stjórnvalda nú þjóni helst þeim tilgangi að skera á stuðning við uppreisnarsinnada Kúrda í suðausturhluta landsins.

Kúrdíska sjónvarpsstöðin Roj TV er vinsæl meðal þeirra fjórtán milljóna Kúrda sem talið er að búi í Tyrklandi og hefur verið starfrækt frá Belgíu. Hún hefur vakið reiði stjórnvalda fyrir að sýna reglulega ávörp uppreisnarleiðtoga. - sh

# Blóðugustu árásir í áraraðir

Á þriðja hundrað Palestínnumenn féllu í fordæmalausum árásum Ísraelsmanna á Gaza. Stjórnvöld víða um heim biðla til stríðandi fylkinga að sláðra sverðin. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir árásirnar óverjandi.

**GAZA, AP** Minnst 225 Palestínnumenn fórust í linnulausum loftárásum Ísraelsmanna á Gazaströndina í gær. Um 700 til viðbótar særðust í árásunum, sem eru fordæmalausar og þær blóðugustu á svæðinu í áraraðir.

Loftárásirnar voru svar við tugum eldflogaárása herskára Palestínnumanna yfir landamærin, sem hófust þegar vopnahléi hinna stríðandi fylkinga lauk 19. desember. Loftárásur Ísraelsmanna í gær var helst beint gegn ýmsum bækiðöðvum Hamas-liða, en þær eru margar hverjar í miðjum íbúðahverfum. Árásirnar voru gerðar þegar börn voru að ljúka skóla. Stór hluti fallinna er úr herliði Hamas-samtakanna, en ekki liggur fyrir hversu margir óbreyttir borgarar féllu. Þó er víst að börn voru þeirra á meðal.

Hamas-samtökin svöruðu árásunum að bragði í gær og skutu að minnsta kosti fimmtú loftskreytum yfir landamærin. Einn Ísraelsmaður lést og sex særðust. Samtökin hafa sagst munu berjast til síðasta blóðdropa og heita því að láta árásir Ísraelsa ekki hræða sig, eins og segir í yfirlýsingu þeirra.

Umheimurinn brást hart við fregnum af árásunum. Evrópusambandið krafðist þess að árásunum yrði hætt tafarlaust og að samið yrði um vopnahlé og Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, og stjórnvöld í Rússlandi hvöttu deiluaðila til að láta af ofbeldinu.

Bandarísk stjórnvöld biðluðu til Ísraelsmanna að þyrma lífum óbreyttra borgara en sögðu þó Hamas-samtökin ábyrg fyrir ástandinu. Í svipaðan streng tóku þýskir ráðamenn og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti, sem þó fordæmdi það hversu óhóflega Ísraelar beittu vopnavaldi sínu.

Leiðtogar margra Arabaríkja sögðu Ísraelsmenn hafa gerst seka um stríðsglæpi og hafa blásið til neyðarfundar vegna átakanna í dag.

Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, sagðist í gær trú á því að heimurinn hefði skilning á aðgerðunum. Verja þyrfti þjóðina fyrir árásum öfgasinnaðra íslamista. Ehud Olmert forsætisráðherra hafði áður sagt að árásirnar væru aðeins byrjunin á því sem koma skyldi.

stigur@frettabladid.is



HRÝLLINGUR Á GAZA Palestínnumenn bera særðan félagan sinn úr rjúkandi rústum á Gaza, yfirráðasvæði Hamas-samtakanna í gær. Minnst 225 manns létust og mörg hundruð særðust. NORDICPHOTOS / AFP

## KALLA SKAL DEILUAÐILA TIL ÁBYRGÐAR

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra telur hernaðaraðgerðir Ísraels á Gazaströndinni í gær óverjandi. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem hún sendi frá sér síðdegis í gær.

„Þó að Ísrael standi frammi fyrir öryggisögn og að ákvörðun Hamas um að segja sig frá vopnahléi sé röng verða viðbrögð að vera í samræmi við hættu eins og alþjóðleg

mannúðarlög krefjast,“ segir í yfirlýsingunni.

„Alþjóðasamfélagið getur ekki lengur látið ótalið að mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar séu fótum troðnar á Gazasvæðinu. Ísland styður að málið verði tekið til umfjöllunar á vettvangi öryggisráðsins og að deiluaðilar verði kallaðir til raunverulegrar ábyrgðar og látnir standa við fyrirheit sín.“



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



## Sjómanna Félag Íslands

Aðalfundur félagsins verður haldin að Skipholti 50d 3. hæð, þriðjudaginn 30. desember kl. 17:00.

Fundarefni, venjulega aðafundarstörf og önnur mál.

Minum félagsmenn á heimsíðu félagsins  
**www.sjomenn.is**

Stjórnin


## VEÐURSPÁ



Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

### ÁGÆTAR ÁRAMÓTAHORFUR

Eins og staðan er nú eru alveg ágætir veðurhorfur fyrir áramótin. Yfirleitt hægur vindur, síst þó með suðurströnd landsins þar sem búast má við strekkingi. Frostlaust verður sunnan til og vestan, annars vægt frost en þó gæti orðið frostlaust með ströndum nyrðra. Úrkoma verður hverfandi á landinu.



Á MORGUN 3-10 m/s, stífastur NV-til

ÞRIÐJUDAGUR 2-10 m/s, stífastur NV-til og allra austast

### HEIMURINN

Alicante	13°
Amsterdam	2°
Basel	0°
Berlin	0°
Billund	2°
Eindhoven	1°
Frankfurt	1°
Friedrichshafen	0°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	20°
London	5°
New York	16°
Orlando	26°
Ósló	-2°
París	1°
Róm	6°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# Super-Flugeldar

## -á súper verði

Háamýri ehf.

Aðeins brot af úrvali



Pabbapakki kr. 11.900,-

100 skota blævængur, 5 mismunandi útkomur, 1,5. tommu, kr. 19.900,-



49 skota 2. tommu, dúndur kaka, kr.13.900,-

70 skota, 2. tommu, glæsileg sýning kr.19.900,-



300 skota, 0,8. tommu kaka með fjölbreyttum útkomum, ca. 3 mín. kr. 6.900,-



138 skota, 1,2. tommu sýning. kr. 9.900,-

Skotrör 1,5 tommu, kr.1.500,-



Gos 5 mismunandi stærðir




Krakkapakki yfir 100 stk, kr. 4.900,-



STAÐSETNING

Ögurhvarf 2

### Við styðjum







Förstu í messu á aðfangadag eða jóladag?

Já	7,4%
Nei	92,6%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Eyðir þú minna í flugelda í ár en í fyrra?

Segðu skoðun þína á Vísir.is



Alls voru 117 mál kærð til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á árinu 2008:

# Gáfu út 42 ákærur á árinu

**LÖGREGLUMÁL** Staða mála í efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra (RLS) er betri en hún hefur nokkurn tímann verið. Alls bárust 117 kærur á árinu, og rannsókn hófst á 99 kærur. Þetta kemur fram í svari embættisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Þar kemur einnig fram að átján mál biða rannsóknar hjá deildinni, það elsta frá því í lok október. Deildin gaf út ákærur í 42 af 45 málum á árinu, og hafa þær ekki verið fleiri frá árinu 2004, þegar þær voru 46 talsins.

Fréttablaðið óskaði á föstudag eftir upplýsingum um rekstrarkostnað efnahagsbrotadeildar



**SÉRISVEIT** Engar upplýsingar fengust um rekstrarkostnað sérsveitar Ríkislögreglustjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

annars vegar, og sérsveitar hins vegar. Aðeins bárust svör varðandi efnahagsbrotadeildina, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir.

Eins og fram hefur komið í

Fréttablaðinu hefur starfsmönnum efnahagsbrotadeildar fækkað nokkuð frá því sem mest var. Árið 2004 störfuðu átján við deildina, sautján árin 2005 og 2006, samkvæmt yfirliti RLS.

Starfsmönnum fækkaði í fimmtán árið 2007, og fjórtán í ár. Einn lögfræðingur lætur af störfum nú um áramótin, og verða starfsmenn við það þrettán talsins.

Í tilkynningu RLS kemur fram að tvö stöðugildi, og verkefni sem þeim fylgdu, hafi verið færð til greiningardeildar árið 2007. Þá hafi tveir starfsmenn verið ráðnir tímabundið á árabílinu 2004 til 2006.

- bj

Kínversku mjólkurfyrirtækin:

# Fórnarlömbin fá skaðabætur

**KÍNA, AP** Kínversk mjólkurfyrirtæki, sem seldu melamínmengaða mjólk, eru reiðubúin að greiða fjölskyldum um 300 þúsund ungbarna, sem veiktust vegna melamínmengunarinnar, bætur. Um 22 fyrirtæki munu greiða bætur en ekki hefur komið fram hversu háar þær eru eða hvenær þær verða greiddar út til forráðamanna barnanna.

Greiðslur til ungu fórnarlambanna hafa verið mjög viðkvæmt mál í Kína þar sem kínverskir dómstólar hafa hingað til ekki viljað taka við málshöfðum frá fjölskyldum barnanna.

- ghs

**LISTDANSSKÓLI HAFNARFJARDAR**  
Kennsla hefst mánudag 5. janúar 2009

**Í boði eru:**  
Nýtt: Dans-leiklist og spuni 9-14 ára

Barnadans	3-5 ára
Barnaballett	6-7 ára
Klassískur ballett	8-17 ára
Djassdans	8-12 ára
Djassfunk	13-18 ára
Hipp hopp	8-20 ára
<b>Ballett fyrir fullorðna</b>	

Upplýsingar og skráning:  
listdansskoli.is sími 894 0577



**ANNIR FYRIR HÁTÍÐAR** Sjö frumvörp urðu að lögum síðasta starfsdag Alþingis fyrir jólahefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 106 þingmál afgreidd en 135 bíða vorþings

Um helmingur þeirra fjörtíu og þriggja stjórnarfrumvarpa sem samþykkt voru á nýafstöðnu haustþingi laut að stöðu efnahagsmála. 56 þingmannafrumvörp og 54 þingsályktunartillögur bíða umræðu eða eru til meðferðar í nefnd.

**ALÞINGI** Þinghald haustsins – líkt og annað í þjóðlífinu – verður skráð í sögubækur. Þingstörfin einkenndust af ástandi efnahagsmála, hruni bankanna og afleiðingum þess. Auk þess sem fjárlög næsta árs og fjárlög þessa árs eru mörkuð ástandinu var á annan tug sérstakra laga settur vegna ástands mála. Bera þar neyðarlögin svonefndu hæst en að auki gripu stjórnvöld til margvíslegra ráðstafana, stórra og smárra, sem kröfðust sérstakrar lagasetningar. Má þar nefna lög um atvinnuleysisstryggingar og Ábyrgðarsjóð launa, stofnun sérstaks embættis saksóknara, lög um

rannsóknarnefnd þingsins á falli bankanna, takmörkun gjaldeyrisviðskipta, lengri lánstíma vegna greiðsluerfiðleika, lækkuð dráttarvaxta og endurgreiðslu vegna útflutnings ökutækja. Á haustþinginu, sem stóð frá 1. október til 22. desember lagði ríkisstjórnin fram 64 frumvörp. 43 voru samþykkt, sex bíða fyrstu umræðu og fimmtán eru í nefnd. Sex þingmannafrumvörp voru samþykkt, 37 bíða umræðu og nítján eru í nefnd. 55 þingsályktunartillögur voru lagðar fram á þinginu, 32 bíða og 22 eru í nefnd. Ein tillaga, um van-

traust á ríkisstjórnina, var tekin til afgreiðslu en felld. Af þeim 40 fyrirspurnum sem þingmenn beindu til ráðherra og óskuðu skriflegra svara við fengu svör við 27 en þrettán bíða svars. 26 fyrirspurnum var svarað munnlega en níu bíða þess að verða svarað. Níu utandagskrárumræður fóru fram á haustþinginu. Níu varamenn tóku sæti á Alþingi á haustþinginu. Þinghaldi var frestað mánudaginn 22. desember og kemur saman á ný þriðjudaginn 20. janúar.

bjorn@frettabladid.is

# Flugeldasala björgunarsveitanna hefst á 112 stöðum um land allt í dag: Hægt að sprengja bankastjóra

**VERSLUN** Árleg flugeldasala björgunarsveitanna hefst í dag. Boðið verður upp á skottertur með myndum eftir Halldór Baldursson af helstu persónum og leikendum í bankahruninu – bankastjórum, útrásarvíkingum, stjórnáráðmönnum og jafnvel íslensku þjóðinni. Flugeldamarkaðir björgunarsveitanna verða 112 þetta árið um allt land. „Í því ástandi sem nú ríkir er afar mikilvægt að styðja vel við bakið á björgunarsveitum enda hefur útköllum þeirra fjölgað mikið undanfarin ár og eru nú um 1.500 á ári,“ segir í tilkynningu frá Landsbjörgu.

- sh



**BANKA- OG VÍKINGATERTA** Nú geta Íslendingar fengið útrás á gamlárskvöld með því að sprengja þá í loft upp sem þeir telja landsins mestu syndaseli.

Auglýsingasími  
**512 50 50**

– Mest lesið



# JANÚAR ÚTSALAN HEFST Í DAG



Petta er aðeins brotabrot af því sem er í boði



Aðeins **2.495** kr. áður 4.990 kr.



Aðeins **2.490** kr. áður 4.980 kr.




Aðeins **3.990** kr. áður 5.990 kr.



Aðeins **2.995** kr. áður 5.990 kr.



Aðeins **1.940** kr. áður 3.880 kr.



Aðeins **1.995** kr. áður 3.990 kr.



Aðeins **1.345** kr. áður 2.690 kr.



Aðeins **2.495** kr. áður 4.990 kr.



Aðeins **3.495** kr. áður 6.990 kr.



Aðeins **1.745** kr. áður 3.490 kr.



Aðeins **1.495** kr. áður 2.990 kr.



Aðeins **2.145** kr. áður 4.290 kr.

HTHT

**Office1**

Skeifan, Smáralind, Kringlan, Hafnarfjörður, Selfoss, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Akureyri, Ísafjörður

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.



## INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2008



KRÓNAN ÖLL „Þeir sem töluðu með hæðnisrómi um að evran leysti ekki allan vanda höfðu vissulega rétt fyrir sér. En vandinn hefði verið mun minni en hann varð með krónunni,“ segir í greininni.

SAMSETT MYND/KRISTINN

# Íslenska krónan – in memoriam

Staða íslensku krónunnar hefur líklega aldrei verið veikari en eftir hrakningar haustsins og ófáir telja að hún eigi sér ekki viðreisnar von. **Benedikt Jóhannesson** segir að enn um sinn verði krónan gjaldmiðill þjóðarinnar – engum til gleði eða gagns.

Það er undarlegt að skrifa minningargrein þar sem viðfangsefnið er enn á líknardeild. Með krónunni er þó ekkert lífsmark. Þeir sem ekki þurfa nauðsynlega að höndla hana halda sig frá henni líkt og hún væri líkþrá. Þetta ástand kemur fæstum á óvart, en sumir eru enn í afneitun. Ekki eru nema rúmlega þrjú mánuðir síðan helsti gæslumaður krónunnar lýsti því yfir að þeir sem teldu hana ekki hinn eina rétta gjaldmiðil fyrir íslenska þjóð væru lýðskrumarar. Nánustu aðstandendur eiga erfitt með að sjá þegar ástvinum þeirra hrakar.

## Hvers vegna krónu?

Lengst af datt fæstum Íslendingum í hug að annar gjaldmiðill en krónan stæði til boða hér á landi. Að vísu er enn á lífi fólk sem man þá tíð þegar íslensk króna var jafngild þeirri dönsku. Hægt var að fá eina danska krónu fyrir eina íslenska í dönskum bönkum. Síðan eru liðin um níutíu ár og nú þarf meira en tvö þúsund gamlar íslenskar krónur til þess að kaupa eina danska. Svo hrapallega hefur hagstjórnin tekist hér á landi.

Samt héldu margir því fram fullum fetum að íslenska krónan væri eini rétti gjaldmiðillinn fyrir þjóðina. Og hvers vegna? Jú, með því að fella gengi krónunnar er hægt að lækka launin í raun án þess að fækka greiddum krónum.

Þetta er kallað aðlögunarhæfni krónunnar. Helstu málsvarar frelsis og eignarréttar í landinu hafa talið að kosturinn við krónuna væri sá að hún gerði það mögulegt að færa háar fjárhæðir úr vasa launafólks. Þessir sömu menn hefðu talið það mikla ásvinnu ef peningar hefðu verið færðir af bankareikningum alþýðunnar til útgerðarinnar og iðnaðarins. Hins vegar finnst þeim það hið besta mál ef beitt er blekkingum.

Á undanförunum vikum hefur eitt helsta baráttumál ríkisstjórnarinnar verið að laun ákveðinna hópa lækkuðu í krónum talið. Þrátt fyrir að krónan hafi fallið sem aldrei fyrr og raungildi hennar nú sé innan við sextíu prósent af því sem það var í upphafi ársins. Helstu rökinn fyrir krónunni, sem sé þau að hún sé svo afskaplega góð til þess að rýra kjör almennings, vega ekki þungt þessa dagana.

## Krónan er góð til blekkinga

Af því sem að framan segir má ráða að stjórnmalámonnum finnst krónan mjög góð mynt því að hún hjálpar þeim að fela eigin hagstjórnarmistök. Verðbólga hefur öðru fremur einkennt íslenskt efnahagslíf undanfarna áratugi. Íslendingar þurftu ekki að hafa áhyggjur af verðmæti peninga. Alltaf var hægt að bæta krónum í launaumslögin því að verðbólga og gengisfellingar sáu til þess að þær urðu sífellt verðminni.

Hérað eða borg í Bandaríkjunum eða Bretlandi, sem hefði leyft sér að tvöfalda laun á skömmum tíma án tillits til umhverfisins, hefði farið hratt á hausinn. Ekki hefði verið hægt að hækka vöruverð í samkeppni við önnur svæði sem hefðu farið sér hægur. Verðgildi gjaldmiðilsins setur stjórnmalámonnum og fulltrúum vinnumarkaðarins í þessum löndum skorður. Hér á landi hefur þetta aðhald skort.

Þó er á því athyglisverð undantekning. Á árunum 1993 til 2001 var meðalgengi krónunnar fast. Í upphafi tímabilsins var efnahagsástandið ekki gott og allir gerðu sér grein fyrir því að ekki var efni til kjarabótar. Smám saman réttist úr og kaupmáttur jókst seinni hluta tímabilsins. Lengst af voru launahækkanir þó hóflegar. Það var ekki fyrr en framkvæmdir ríkisins ýttu svo undir þenslu að verðbólga fór af stað og loks var ákveðið að hverfa frá föstu gengi í fljóttandi. Síðan hefur sigið á ógæfuhliðina.

## Gjaldeyrir fyrir Melody Maker

Fyrir fjórutíu árum var ekki sjálfgefið að Íslendingar gætu keypt það sem þá lysti utan úr heimi. Sjálfur hafði ég áhuga á því hvað gerðist í rokkinu á þeim tíma og vildi verða áskrifandi að poppláðinu *Melody Maker*. Ég skrifaði áskriftadeild blaðsins og fékk frá henni reikning. Þegar hann barst arkaði ég út í Landsbankann, því að ekki voru allir bankar með gjaldeyrisleyfi, og sótti þar um yfirfærslu fyrir nokkur pund. Umsóknin fór í fjórríti til gjaldeyrisnefndar sem fór yfir allar beiðnir af þessu tagi og eftir hæfilegan tíma fékk ég að vita að nefndin hefði allra náðarsamlegast fallist á þessa beiðni.

Ef nefndarmenn hittu á götu þá sem áttu inniliggjandi beiðni um yfirfærslu létu þeir þess gjarnan getið að þeir litu með velvilja á umsóknina. Ég veit ekki hvort umsókn um áskrift að *Playboy* hefði fengið jafngóðar undirtektir. Líklega hefur enginn þorað að láta á það reyna.

Gamansamir stjórnmalámennt hafa getað sagt slíkar sögur og áheyrendur skemmt sér yfir því hve skelfileg spilling hefði þrífist í gamla daga. Engum datt í hug að þessir dagar gætu komið aftur. Þangað til í haust að landið lokaðist og erlendur gjaldeyris var aðeins fyrir fáa útvalda. Þeir gátu hins vegar glatt sig við að fá upphringingu um að allra náðarsamlegast hefði verið fallist á umsókn þeirra. Skömmunarstjórnarnir nýju hafa getað látið það fylgja að krónan sé einmitt rétti gjaldmiðillinn. Að minnsta kosti fyrir þá sem sjá um skömmunina.

## Ógæfu Íslands verður allt að vopni

Það hefði ekki forðað íslensku bönkunum frá þroti þó að gjaldmiðill okkar hefði verið evra. En það hefði hins vegar forðað fjölda heimila og fyrirtækja frá því að fara í þrot.

## Kostirnir eru miklir:

1. Verðbólga væri 3-4% en ekki 18-19%.
2. Vextir væru 2-8%, ekki 18-26%.
3. Lán sem fólk tók í fyrra hefði ekki tvöfaldast sem hlutfall af launum.
4. Viðskipti við útlönd væru eðlileg.
5. Útlendingar þyrftu ekki að vera hræddir við að festa fé á Íslandi.

Þeir sem töluðu með hæðnisrómi um að evran leysti ekki allan vanda höfðu vissulega rétt fyrir sér. En vandinn hefði verið mun minni en hann varð með krónunni.

Hverjir bera mesta ábyrgð á vanda einstaklinga og fyrirtækja núna? Stjórnmalámennt sem hafa komið í veg fyrir að Íslendingar tækju ákvörðun um nýja mynt þegar góðar aðstæður voru til þess. Fyrir níu árum uppfylltu Íslendingar öll skilyrði fyrir því að taka upp evru. Þá var skulda- staða þjóðarinnar líka þannig að einhliða upptaka var hugsanleg.

Krónan verður gjaldmiðill þjóðarinnar enn um sinn, engum til gleði eða gagns. Á hundrað ára afmæli krónunnar árið 1974 skrifaði ég um hana stutta afmælisgrein. Yfirskriftin var: *Fall er fararheill*. Nú er krónan enn eldri og slitnari. Aðstæður eru hins vegar þannig að einhliða upptaka evru myndi ekki aðeins koma þjóðinni í diplómatiskskið heldur er líka raunveruleg hættu á því að allir peningar í landinu kláruðust. Úr því sem komið er verður efnahagsjafnvægi ekki náð nema með innngöngu í Evrópusambandið og evrópska myntbandalagið. Ef sjálfstæðismenn bera gæfu til þess að samþykkja umsóknarbeiðni í Evrópusambandið er von til þess að tengja megi krónuna við evru fljótlega. Í kjölfarið getum við svo kvatt þessa ónýtu mynt sem enginn treystir lengur. Farið hefur fé betra.



**Benedikt Jóhannesson** er framkvæmdastjóri ráðgjafarfyrirtækisins Talnakönnunar og Útgáfufélagsins Heims. Hann er jafnframt ritstjóri *Vísbandingar* og skrifar reglulega pistla á vefsvæðið heimur.is.

## Innlendir vendipunktur 2008

Fréttablaðið gerir nú upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir málsmetandi Íslendinga. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu, sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist eða breytingar sem hafa áhrif til frambúðar.



# ÁRAMÓTA SPRENGJA BENNA

Tilboð  
gildir út  
árið!

Nú sprengjum við árið hressilega í burtu!

FÁRBÆR LÁNAKJÖR - 9,7% fastir vextir og engin verðtrygging!

Ýmis önnur lánakjör í boði - Tökum notaða bíla upp í notaða - Allt að 100% fjármögnun  
Dæmi um bíla á tilboði - Fjöldi bíla á staðnum - Komdu í heimsókn



NISSAN PATROL ELEGANCE 10/2006,  
ek. 29 s. 7 manna, 5 dyra, ssk.  
leður, topplúga, o.fl. Verð 5.770 þús.

**SPRENGJUVERÐ 3.990 þús.**  
stgr.



NISSAN MURANO SL 3/2005, ek. 58  
þús. 5 dyra, ssk. álf, leður, topplúga,  
cruise og fl. Verð 5.300 þús. .

**SPRENGJUVERÐ 3.490 þús.**  
stgr.



Ford Focus 1,6 Trend Wagon 7/2004,  
ek. 79 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf.  
dráttarbeisli, cd og fl. Verð 1.600 þús.

**SPRENGJUVERÐ 960 þús.**  
stgr.



HYUNDAI GETZ GLS 11/2004,  
ek. 71 þús. 5 dyra, ssk. abs, drát-  
tarbeisli. Verð 1.200 þús.

**SPRENGJUVERÐ 690 þús.**  
stgr.

Áramótabomburnar frá Hjálparsveit Skáta Reykjavík,  
TRAUSTI of FLÓABARDAGI fylgir öllum seldum bílum!



Sölustaðir  
Hjálparsveit Skáta í Reykjavík  
Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23  
Risaflugeldamarkaður HSSR, Malarhöfða 6  
Spöngin, Grafarvogi  
Gufunesbær  
Grafarholt v/Húsasmíðjuna  
Mjóddin, Breiðholti  
Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a  
Opíð frá 28-30 des frá kl 10 til 22.  
Gamlársdag frá kl. 10 til 16.



**Bílabúð Benna** Notaðir bílar

Bíldshöfða 10 - 590 2000 - notadrbilar@benni.is - www.benni.is

Reykjanesbær: Bílahornið hjá Sissa, Brekkustíg 38, - Sími 420 3300

Opíð virka daga frá kl. 10 - 18 og Laugardaga frá kl. 12 - 16. Athugið opíð gamlársdag 10-12.

Bílabúð Benna, traustur  
styrktaraðili Hjálparsveit  
skáta í Reykjavík.



Mín þjóð, mín þjóð:

## Haltu kjafti og vertu þæg

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

**E**nn erum við í jólaboðinu og biskupinn og allt hans hyski hefur sagt við okkur látaust í stillilega rómmum alla jólahelgina: Verum stillt, verum stillt, rétt eins og fastahópar í jólamætingu þjóðkirkjunnar séu venjubundnir óróaseggir á þeim árstíma. Við sem heima sitjum erum til alls vís.

Og á annan kölluðu æðstuprestar sjálfstýrðunar með samviskuþiti söfnuð sinn í líkamsræktarstöðvarnar þangað sem fólk sækir stritið, sem finnst ekki heima við, og félagsskapinn við ókunnuga, sem eru þægilegri samvistum en heimilisfólkið með sínar þarfir: Völd clash eða var það Vörld krass?

Næst er að biða lágvörundar í áramótaráðum stjórnmálaforingjanna, eins og þeir eru kallaðir, sem svo toppast á nýársdaginn sjálfan í nýjasta ákalli forsetans eftir vindátt: hvert blæs?

Eitt er víst: stormurinn hefur ekki enn skekið svo valdastólana að neinn sé úr þeim fallinn. Ráðamenn ætla sér að þumbasta við og láta sína menn sitja áfram: seðlabankastjórnina og stjórnana; fjármálaeftirlitið, forstjóra og stjórn; ráðherrar fjármála og viðskipta skulu sitja áfram enda raunar ósanngjarnt að þeir sendlar víki: nær væri að henda forsætisráðherra og utanríkisráðherra sem bera á endanum ábyrgðina á frjálshyggjurústumun áður en skipt verður um settið í kosningum sem þau skótu hjá virðast staðráðin í að láta ekki henda þjóðina fyrr en í lengstu lög.

Og frúin er tekin að ávarpa sjálfstæðismenn með orðfám hótunum. Reyndar er óljóst um hennar eigið bakland: hvað ætla Samfylkingarmenn upp til hópa að láta lengi berja sig áfram í þunglyndislegan göngutúr með ráðvilltum sjálfstæðismönnum? Var þetta upphaf hinnar miklu sóknar jafnaðarstefnunnar? Hefur flokkurinn einhverja stefnu í Evrópumálinu annað en gefnar forsendur og almennt orðaða vinnutilhögun? Hver eru efnisatriðin?

Og hvað ætlar íhaldið að gera nú: einhverjir kallar eru teknir að þvaða um gömlu gildin og eiga þá við annað en forna hyglunar- og þöggunarflokkakerfið, heim heildsalanna og Moggans: það eru gildi eins og heidarleiki í viðskiptum og ábyrgð. Sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir! Hó hó hó segir jólasveinninn. Komdu úr skápnun!

Ekki hefur áður í sögu landsins horfið jafn snögglega grunnstoð undan félagsþrengingum eins og þegar frjálshyggjan skrapp út í tómið úr veröldinni kringum Valhöll, ekki einu sinni þegar flokkurinn missti kommúnismann og Kanann með örfárra ára bili. Nú er hátíð hinna forneskjulega trúarbragða sem eiga sér dygga fylgjendur í stjórnmálaflokkum, þá sem trúa á jólasveininn og ljúga til um fæðingum frelsara í Betlehem. Þeir safnast saman í hópa sem ætla að leiða almenning áfram á vegferðinni, að þessu sinni upp úr díki skuldanna sem hrekklus almenningur lét gabba og ljúga sig úti. Burt frá gjaldþrota hugsjónum, ónýtum fyrirheitum og fagurgala stjórnmálareytinganna – en hvert? Hvert er best að láta teyma sig? Hvert er rétt að stefna?

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal [jk@frettabladid.is](mailto:jk@frettabladid.is) og Þorsteinn Pálsson [thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is) ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir [steinunn@frettabladid.is](mailto:steinunn@frettabladid.is). Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**GRETTIR ASMUNDARSON**

Þessi kaka er hreinasta snilld. Hröð, mikið af ljósum og eldglæringum þar sem himinninn er þakinn blómum. Griðarlega falleg.

FLUGELDAMARKAÐIR BJORGUNARSVEITANNA

20 SEK  
3  
5  
8

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Best miðað við höfðatölu

Ahh, það munaði svo litlu. Við vorum tilnefnd og fjöldi fólks valdi okkur, en því miður fengum við ekki verðlaunin. Þrátt fyrir að hafa lagt okkur fram eins hægt var að krefjast – og raunar langtum betur – urðum við að lúta í lægra haldi fyrir yfirmönnum Fannie Mae og Freddie Mac. Þeim tókst líka að koma stærsta hagkerfi heims í kreppu.

En við getum borið höfuðið hátt. Þó Financial Times hafi valið bandarísku fjármálamennina Daniel Mudd og Dick Syron, hjá yfirmönnum félögum, oflaunuðustu yfirmenn ársins í fyrra, þá fengu íslensku bankastjórnarnir fjölmargar tilnefningar. Þeir fengu aukastig fyrir að hafa gert þjóð sína gjaldþrota með bönkunum.

Og ef miðað er við höfðatölu erum við náttúrulega í fyrsta sæti. Lárus, Sigurjón, Halldór, Hreiðar Már og Sigurður unnu því í raun gullið í skammarverðlaunakeppninni.

#### Barack og Tony

Íslenskir sósíaldemókratar fara ekki í grafgötur með aðdáun sína á Barack Obama, sem tekur brátt við sem forseti Bandaríkjanna. Hver á fætur öðrum keppast þeir við að lýsa sigri mannsandans sem líkamast hafi í Obama. Til eru þeir sem hafa birt myndir af Obama með bók sem dæmi um að hann sé mannkynslausnarin. Þeir sem eru eldri en tvævetur í stjórnmálum muna



ekki annað eins æði fyrir erlendum stjórnmálamanni síðan á miðjum 10. áratugnum. Þá héldu menn vart vatni yfir Tony nokkrum Blair sem átti að leiða mannkynið til betra lífs.

Vonandi verður aðdáun á Obama eitthvað lífseigari en á Blair, en leitun er að manni sem féll jafnhraut í álit og hinn breski Blair.

#### Gagnrýni virkar

Segið svo að gagnrýni virki ekki. Innan við mánuði eftir að plötuumslag hljómsveitarinnar Retro Stefson var valið eitt það ljótasta í blöðunum, er komið nýtt umslag á næsta upplag.

Betur ef gagnrýnin á ráðamenn landsins hefði áhrif á jafn skjótan hátt.

kolbeinn@frettabladid.is

## Góðar fréttir í erfiðri tíð

Á tímum þegar fyrirsagnir dagblaðanna eru helgaðar fjármálakreppu og ofbeldi, er sérstaklega mikilvægt að gefa gaum að frumlegri baráttu ýmissa ríkisstjórna gegn fátækt, sjúkdómum og hungursneyð. Tilgangurinn er ekki aðeins sá að láta sér líða betur heldur að takast á við eina alvarlegustu vöð í heimi: hinn útbreidda bölmóð um vandamál nútímans séu of stór til að hægt sé að leysa þau. Með því að kynna okkur árangurinn öðlumst við þekkingu og öryggi til að ráðast í samhent áttak til að leysa stærstu úrlausnarefni heimsins í dag.

#### Mexíkó og Noregur

Ég byrja á að taka hattinn ofan fyrir Mexíkó, fyrir að ryða braut hugmyndinni um „skilyrt framlög“ til fátækra heimila. Slík framlög hvetja og gera efnaminni heimilum kleift að fjárfesta í heilsu barna sinna, næringu og menntun. Önnur ríki í Rómönsku-Ameríku hafa nú tekið áttak til að leysa Mexíkó um sköpun tækifæra upp á sína arma. Í ljósi þess árangurs sem sýnt hefur verið fram á hingað til, og fyrir tilstilli söngvaranna Shakiru og Alejandro Sanz og félagasamtaka sem þau veita forystu, skuldbundu allir leiðtogar Rómönsku-Ameríku sig nýlega til að gera áttak til hjálpar börnum í heimalandi þeirra hærra undir höfði.

Noregur heldur sínu hefðbundna forystuhlutverki í félags- og umhverfismálum undir stjórn Jens Stoltenberg forsætisráðherra. Ríkisstjórnin hefur stofnað alþjóðlegt bandalag til að koma í veg fyrir að konur deyi af barnsförum; fjárfestir þannig bæði í öruggri fæðingu og að nýburar komist af. Um leið hleypti Noregur, í samvinnu við Brasilíu, af stokkunum áttak upp á einn milljarð Bandaríkjadollara, til að hvetja fátæk samfélög í Amazon-regnskógunum til að hætta óheftri eyðingu skógar. Noregur fer þá snjöllu leið að reida féð ekki af hendi nema sýnt sé fram á áþreifanlegan árangur (miðað við fyrirfram ákveðið samkomulag).

#### Spánn og Ástralía

Spánn hefur undir forystu José Luis Rodríguez Zapatero forsætisráðherra stuðlað mjög að því að auðvelda fátækum ríkjum að ná Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Spánn stofnaði nýjan Þúsaldarsjóð hjá SP til að vekja athygli á þeirri samvinnu sem til þarf innan SP til að takast á við áskoranir Þúsaldarmarkmiðanna. Ríkisstjórn Spánar benti



JEFFREY SACHS

Í DAG | Aðkallandi úrlausnarefni

réttilega á að raunverulegar lausnir á fátækt krefjast samhliða fjárfestinga í heilbrigðismálum, menntun, landbúnaði og samfélagsinnviðum, og stofnaði sjóðinn til að gera þessa sýn um samþættingu að raunveruleika. Spánn stendur fyrir fundi í janúar 2009 þar sem nýju átaki gegn hungri á heimsvísu verður ýtt út vör. Enn og aftur beitir Spánn hagnýtum og frumlegum aðferðum til að breyta orðum í aðgerðir, sérstaklega til að hjálpa fátækum bændum til að verða sér út um tæki, fræ og áburð sem þeir þurfa til auka framleiðslu sína, tekjur og matvælaöryggi.

Forsætisráðherra Ástralíu, Kevin Rudd, hefur að sama skapi skipað sér fremst í röð þeirra sem berjast við aðsteðjandi vandamál heimsins og sett fram djarfa áttak til að sporna við loftslagsbreytingum og lagt til nýjar og hagnýtar lausnir varðandi Þúsaldarmarkmiðin. Ástralía hefur reitt fram háar fjárhæðir til að stuðla að aukinni matvælaframleiðslu, með svipuðu sniði og Spánn. Ástralía statar einnig af auknum aðgerðum í þágu fátækra og eyjasamfélaganna á Kyrrahafi, sem eiga á hættu að verða fyrir barðinu á loftslagsbreytingum.

#### Fátækari ríki leggja sitt af mörkum

Fátækustu ríkin láta heldur ekki sitt eftir liggja. Hið landlukta og snauða ríki Malaví hefur undir forystu Bingú wa Mutharika forseta tvöfaldað árlega matvælaframleiðslu sína frá árinu 2005, með frumlegum aðferðum til að hjálpa fátækustu bændum landsins. Áttakunin hefur borið svo mikinn árangur að önnur Afríkurlandi taka hana nú upp á sína arma.

Ríkisstjórn Malí, með Amadou Toumani Touré forseta við stjórnvölinn, lagði nýlega fram mikla áskoranir fyrir alþjóðasamfélagið. Ríkisstjórnin er áfjád í að auka fjárfestingar í landbúnaði, heilbrigðiskerfi, menntun og samfélagsinnviðum í 166 fátækustu bæjarfélögum Malí. Áttakunin er nákvæm, ígrunduð, trúverö-

ug og byggir á þeim góða árangri sem ríkisstjórnin hefur þegar náð. Ríku löndin hafa heitið að hjálpa Malí og nú hefur Malí rutt brautina með hugmyndaauðgi sinni.

Nefna má ótal önnur dæmi. Evrópusambandið hefur hleypt af stokkunum áttak upp á einn milljarð evra til hjálpar smábændum. Gates-stofnuninni, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, Rotary-hreyfingunni og mörgum ríkisstjórnunum hefur tekist að fækka dauðsföllum af völdum taugaveiki niður í einn þúsundasta af því sem þau voru fyrir einni kynslóð og nánast útrýmt sjúkdómnum. Verið er að undirbúa álika aðgerðir á öðrum sviðum – það á að ná böndum á sula- og holdsveiki; og nú á að ráðast í stórfellt alþjóðlegt áttak til að útrýma dauðsföllum af völdum malaríu fyrir árið 2015.

#### Skýrar lausnir

Þessar árangursríku aðferðir, ásamt mörgum fleiri, eiga eitt sameiginlegt. Þær takast á við afmarkaðan og alvarlegan vanda, til dæmis litla matvælaframleiðslu eða tiltekinn sjúkdóm, og byggjast á skýrum og afmörkuðum lausnum, til dæmis tækjum til akuryrkju eða bólusetningu.

Lítil tilraunaverkefni sýna hvornig hægt er að ná árangri; þá verður áskorunin sú að „stækka“ lausnina fyrir heilt þjóðarbú eða jafnvel fyrir áttak á heimsvísu. Þetta krefst leiðtoga, bæði í ríkjunum sem glíma við skort sem og hjá ríku löndunum sem geta fjármagnað og hrint aðgerðunum í framkvæmd. Síðast en ekki síst geta hófsamar fjárhæðir sem varið er í hagnýt úrlausnarefni haft sögulegar afleiðingar.

Slæmar fréttir varpa oft skugga á góðar fréttir, ekki síst á tímum alvarlegrar fjármálakreppu og pólitískis óróa. Engu að síður sýna góðu fréttirnar að baráttan gegn fátækt og eynd tapast aðeins ef við gefumst upp og nýtum ekki gáfurnar og góðviljann sem hægt er að virkja. Og kannski taka Bandaríkin aftur þátt í hinna alþjóðlegu baráttu á næsta ári af nýjum og fordæmalausum lausnum, undir forystu ungs forseta sem minnti Bandaríkjamenn og heiminn réttilega á að: „Já, við getum.“

Höfundur er hagfræðiprófessor og stjórnandi Earth Institute við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate. Millifyrirsagnir eru bladsins.

### Auglýsingasími

# 5125050



– Mest lesið



# ÚTSALA ÁRSINS

TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI

**50%  
AFSLÁTTUR**

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR  
AF YFIR 1000  
TÖLVUVÖRUM

GLÆSILEGUR  
**4BLS**  
BÆKLINGUR

OPNUM  
**12:00**  
Í DAG

**RISA**  
FLUGELDAPAKKI

FYLGIR ÖLLUM  
TÖLVUTILBOÐUM  
MEÐAN BIRGDIR ENDAST

Tilboð gilda dagana 27-31 desember eða meðan birgdir endast • Öll verð eru ásláttaverð birt með fyrirvara um villur.

## OPNUNARTÍMAR

SUNNUDAG 12:00 - 18:00  
MÁNUDAG 10:00 - 19:00  
ÞRIÐJUDAG 10:00 - 19:00  
MIÐVIKUDAG 09:00 - 12:00



# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • [www.tolvutek.is](http://www.tolvutek.is)



# Ljótu kallarnir ekki ómissandi

Ný kvikmynd um ævintýri hinna vinsælu vinkvenna Skoppu og Skrítlu var frumsýnd í kvikmyndahúsum á annan í jólum. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við **Hrefnu Hallgrímsdóttur** um árin fjögur sem hún hefur túlkað Skrítlu og umstangið sem fylgir.

**P**etta Skoppu og Skrítlu-ævintýri byrjaði mjög sakleysilega en breyttist fljótlega í snjóbolta sem hefur rúllað og undið upp á sig. Nú er svo komið að Skoppa og Skrítlu eru í raun heljarinnar fyrirtæki. Stórt batteri og í mörg horn að líta fyrir tvær manneskjur. Við sinnum fáu öðru,“ segir Hrefna Hallgrímsdóttir leikkona, sem smáfólkið þekkir líkast til betur sem Skrítlu. Skrítlu er besta vinkona Skoppu, sem leikin er af Lindu Ásgeirsdóttur, en ný fjölskyldumynd í fullri lengd um ævintýri þeirra var frumsýnd í kvikmyndahúsum á annan í jólum.

Hrefna segir þær stöllur vera stoltar af því að eiga einu íslensku barnamyndina sem frumsýnd er í ár, en um leið nokkuð svekktar yfir því að þær skuli ekki vera fleiri. „Það er nú þannig að allir vilja hafa aðgang að góðu og vönduðu efni fyrir börnin sín, en þegar kemur að því að leggja fé í verkefni kemur oft annað hljóð í strokkinn. Þó hef ég greinilega tekið eftir því að foreldrar eru orðnir mun meðvitaðri fyrir hönd barnanna sinna en var fyrir einungis örfáum árum. Þeir eru til dæmis jákvæðari og mun tilkippilegri að fara með börnunum sínum í leikhús og bíó. Þetta er jákvæð þróun og þetta er allt á réttri leið.“

Að sögn Hrefnu kviknaði hugmyndin að Skoppu og Skrítlu þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn árið 2002. „Eftir því sem sonur minn elstist og þroskaðist fann ég betur fyrir því að það vantaði meira af íslensku efni til að sýna honum. Hann var dálítill mús, kaus heldur að horfa á eitthvað rólegt og þægilegt efni í stað ljótra kalla og spennings. Þannig að það var ekkert annað í stöðunni en að gera þetta bara sjálfur. Skoppa og Skrítlu eru boðberar ástar, kærleika og mannvirðingar sem okkur fannst dálítið skorta á í nútímasamfélaginu. Það þurfa ekki alltaf að vera ljótir kallar. Það getur verið alveg jafn skemmtilegt að detta á bossann og hlæja að því.“

Linda Ásgeirsdóttir slóst í för með Hrefnu og það sem byrjaði með einni DVD-mynd, Skoppa og Skrítlu í Húsdýragarðinum frá 2004, þróaðist í stuttu máli út í aðra DVD-mynd, tvær sjónvarpsþáttaraðir, geisladisk og tvö leikrit sem hafa ferðast til þriggja heimsálfna, auk ótal uppkoma úti um borg og bý. Nú er sem sagt komið að hvíta tjaldinu. „Eftir öll þessi ævintýri var alveg ljóst að næsta skref Skoppu og Skrítlu þyrfti að verða ansi stórt, og bíóið var í raun það eina sem var eftir,“ segir Hrefna.

Kvikmyndin var að hluta til tekin upp í Flórída-ríki í Bandaríkjunum, á íslensku og ensku. Hrefna segist vona að alheimskreppan hafi ekki of mikil áhrif á afdrif hennar erlendis. „Við höfðum í hyggju að frumsýna myndina í New York í vor, en vegna ástandsins frestast það væntanlega fram á haustið. Eins höfum við fengið vilyrði frá skandinavískum sjónvarpsstöðvum sem hafa áhuga. Við vonum að þetta gangi allt eftir,“ segir Hrefna og bætir við að henni þyki afar gaman og lærdómsríkt að hafa unnið svo náið með og fyrir börn í gegnum tíðina. „Ég og Linda komum báðar frá mjög ástríkkum heimilum, þar sem nostrað var við barnæskuna. Við höfum verið svo heppnar að ferðast mikið og hitta mörg börn sem búa við margvíslegar aðstæður. Það að geta lokað fram bros hjá litlu barni vermir hjartað og getur ekki gert annað en gott fyrir sálina.“



**VEL HEPPNUÐ FORSÝNING** Að sögn Hrefnu skemmtu þær Skoppa og Skrítlu sér konunglega við að fylgjast með opinmyntum ungmenninum sem urðu vitni að forsýningu kvikmyndarinnar um ævintýri þeirra vinkvenna fyrir jólin. Börnin tóku afar vel á móti nýjum persónum á borð við Svakara bakara og gullfiskinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Víðsigldar vinkonur



**MEÐ LÁTUM SKAL LAND BYGGJA** Við tókum á þáttaröðinni Úti um hvippinn og hvappinn, sem sýnd var á RÚV, heimsóttu Skoppa og Skrítlu lögreglustöðina við Hverfisgötu. Þær voru þó ekki hnepptar í varðhald enda um indælisstelpur að ræða.



**SKOPPA OG SKRÍTLA Í AFRÍKU** Vinkonurnar heimsóttu barnaþorp SPES í Tógó í Afríku í september árið 2007. Börnin voru að upplifa leikhúsið í allra fyrsta sinn, og var sýningin flutt á ensku og þýdd jafnöldum af innfæddum túlki. Að sögn Hrefnu virtist þó engin þörf á túlknum því börnin skildu allt sem fyrir augu bar og dónsuðu með við hvert tækifæri.



**STÓRA EPLIÐ** Á leikferð í New York í nóvember 2007. Leikritið um Skoppu og Skrítlu var valið sýningin sem mest vert væri að sjá fyrir börn þá tilteknu helgi, af tímaritinu Time Out New York.



HAUSTNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

# Nám fyrir skapandi tónlistarmenn

- í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro Tools



TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA - "DIGIDESIGN (PRO TOOLS) SPONSORED SCHOOL".

Lærðu að nota nútíma upptökutækni til að taka upp, útsetja og hljóðblanda tónlistina þína. Þeir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson (Todmobile), Vignir Snær Vigfússon (Írafár) og Markús Leifsson (Sertified Pro Tools Operator) kenna ferlið hvernig hugmynd af lagi verður að fullunnri afurð tilbúinni til útgáfu eða spilunar í útvarpi með notkun Pro Tools hljóðupptöku forritsins. Markús leiðir menn í gegnum Pro Tools fræðin í fullkominni tölvustofu þar til menn eru tilbúnir í að taka alþjóðlegu Pro Tools gráðurnar 101 og 110.

Þorvaldur Bjarni sýnir mönnum inn í heim tónsmíðanna og kennir nemendum að hljóðblanda lögin sín, hvernig maður notar EQ, Compressor og hljóðeffekta til að draga það besta fram í hverri upptöku í fullkomnu hljóðveri skólans. Vignir Snær kennir mönnum hvernig forritin Melodine og Reason eru notuð til að útsetja og laga til upptökur að hugmyndum lagasmiðsins eða hljómsveitarinnar. Farið er í helstu míkrafónstaðsetningar fyrir t.d. trommuupptökur, gítarupptökur, söngupptökur o.s.f.

## VEITIR RÉTT TIL FRAMHALDSNÁMS

Teknar eru tvær viðurkenndar gráður í Pro Tools hljóðupptöku- forritinu (101 og 110) sem veita rétt á framhaldsnámi erlendis. Þar fara menn í Pro Tools 201 og 210 sem gerir menn að viðurkenndum "Pro Tools Operator". Það gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

## NÝJUNG!

Í miðju námskeiðsins gefst nemendum tækifæri á að eyða 3 dögum með þeim Þorvaldi Bjarna, Vigni Snæ, Magnúsi Þór Sigmundssyni við laga og textasmíðar auk þess mun Guðmundur Jónsson (Sálin) leggja hönd á plóginn og miðla af reynslu sinni. Afrakstur þessara vinnutarnar verður svo notað sem efni í náms og útsetningarferli seinni hluta námsins. Lögin verða svo boðin útgefendum til notkunar fyrir listamenn sýna og fá menn þannig innsýn inn í ferlið hvernig lagasmiðir koma efni sínu á framfæri.

Þetta fimmta árið sem Tónvinnslnámskeiðið er haldið og hafa um 160 manns tekið þátt. Margir hafa haldið beint áfram í framhaldsnám erlendis meðan aðrir hafa hafið störf sem skapandi tónlistarmenn á eigin spítur.

Námskeiðin  
hefjast í  
febrúar.

Skráningar í  
síma 534 9090  
eða á  
heimasíðunni  
[www.tonvinnslu  
skoli.is](http://www.tonvinnslu<br/>skoli.is)



TÓNVINNSLUSKÓLI  
ÞORVALDAR BJARNA  
Sponsored Digidesign School







# Rökkurbýsnir besti bókatitillinn í ár – 10 ráð sá langversti

Rithöfundar eiga margir andvökunætur þegar þeir standa frammi fyrir því mikilvæga vali að finna titla á bækur sínar. Enda þarf góður bókatitill að fela ýmislegt í sér: Vera forvitnilegur, meitlaður, söluhvetjandi auk þess að lýsa umfjöllunarefni bókarinnar. *Jakob Bjarnar Grétarsson* og *Sigríður Björg Tómasdóttir* leituðu álits 23 einstaklinga.

**B**ækur skipa veigamikinn sess í jólahaldi landsmanna. Fréttablaðið efndi til samkvæmisleiks nú á aðventu. Leitaði til 23 álitsgjafa með það fyrir augum að finna besta og versta bókatitil ársins 2008. Valið hefur ekkert með efni eða innihald bókana að gera heldur það eitt

hvort titillinn hitti í mark að mati sérfræðinga blaðsins: „Ég er villuráfangi miðaldra sauður á Þorláksmessu sem þarf að kaupa tíu jólagjafir á klukkutíma milli heimsókna á öldurhús bæjarins til að drekkja kreppuáhyggjum sínum,“ sagði einn álitsgjafinn. „Þar að auki er það bjargföst trú mín að alþýða manna lesi ekki bækur. Þær eru

gefnar til jóla og enda uppi í hillu. Þess vegna skiptir góður titill og sannfærandi kápa öllu máli.“

Álitsgjafarnir eiga það sammerkt að vera smekkvísir og bókelskir. Einkennandi var hversu mjög atkvæðin dreifðust sem sannar hið forkveðna að smekkur manna er misjafn – á þessu sviði sem öðrum. Álitsgjafarnir

voru beðnir um að nefna þrjá bestu titlana og þrjá þá verstu, því ekkert er ljós án skugga, og fengu titlarnir svo stig samkvæmt forgangs röðun: Sú sem var nefnd efst hlaut fimm stig, sú í öðru sætinu þrjú og sú sem var nefnd þriðja í röðinni hlaut eitt stig.

Sem sagt hávísindaleg könnun – eða þannig. Niðurstaðan kemur á óvart.

## → VERSTU BÓKATITLARNIR 2008



### 1. 10 ráð til að hætta að drepa fólk og fara að vaska upp eftir Hallgrím Helgason

38 stig – tíu tilnefningar  
Orðaleikjansnillingurinn Hallgrímur Helgason „sigrar“ með yfirburðum með 10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp sem álitsgjöfum þykir langur og þvælinn titill og ekkert fyndinn.

„Á að vera sniðugt en kemur út eins og asnalegt grín í menntaskólablaði. Hallgrímur á suma bestu bókartitla í íslenskum samtíma, eins og Rokland og Þetta er allt að koma, en þetta er bara gelgjulegt og halló.“ Einn var á því að titillinn væri skemmtilegur í fyrstu en þreyttist fljótt. „Veldur því að fólk annaðhvort nennir ekki að bera titilinn fram eða fer vitlaust með hann.“ Og: „Hér er Hallgrímur mjög óhittinn. Það er eins og 14 ára unglingur sé að reyna að vera sniðugur í nafni á vorþrófsritgerð.“ Annar sagði: „Ææææ...! Voðalega mikið verið að reyna að gera eitthvað sniðugt, en því miður titillinn skýtur sig í fótinn og nær aldrei að byrja að vaska upp!“ Álitsgjafar tala um klisjukenndan og kauðalegan titil og sjálfshjálparbók-adjókið sé svolítið 2005.“



### 2. Saga af forseta eftir Guðjón Friðriksson

18 stig – sex tilnefningar


„Mér skilst að þetta hafi ekki verið fyrsti titillinn á bókinni – og velti því fyrir mér hversu vondir hinir hafi verið. Þetta er vinnutitill, ekki titill á útgefna bók,“ segir einn álitsgjafa um titilinn sem lendir í öðru sæti yfir vonda bókatitla þetta árið. „Þetta er ekki titill. Á Arnaldur þá að skíra næstu bók sína Spennusaga?“ spyr annar álitsgjafa og er nánast móðgaður. „Verður ekki meira óspennandi. Þessi titill gæti ekki vakið áhuga eða forvitni nema í besta falli ef bókinn væri um Clinton og Monica Lewinsky væri nakin á kápunni.“



### 3. Sjöundi sonurinn eftir Árna Þórarinnsson

16 stig og fjórar tilnefningar

Árni er ekki að hitta í mark með Sjöunda soninn. „Núll fyrir frumleika,“ segir einn álitsgjafa. Annar segir þetta skelfilegan titil á krimma. „Etti betur heima á bók eftir Bodil Forsberg. Er reyndar með ofnæmi fyrir bókartitlum sem innihalda raðtölur! Hér er svo hausinn bitinn af skömminni með stuðluninni.“ Og: „Adam átti syni sjö – hversu leiðinlegt er það?“ Og einn álitsgjafinn klykkir út með: „Hljómar eins og blanda af hjartaskreyttri bensinstöðvarbók og finnski þjóðsögu.“



### 4. Bara gaman eftir Guðrúnu Helgadóttur

10 stig og 2 tilnefningar

Guðrún Helgadóttir þykir ekki með góðan titil þetta árið. „Ófrjött og brjálaðislega óspennandi. Of léttvægur titill fyrir Guðrúnu Helgadóttur. Hér er þínúlitíð reynt of mikið.“ Og hinn sem var alls ekki að kaupa þennan titil sagði einfaldlega: „1. Bara gaman – Bara asnalegt.“

### 5. Af mér er það helst að fréttu eftir Gunnar Gunnarsson

9 stig og þrjár tilnefningar

Fréttamaðurinn og frumköll í íslenskum krimmaskrifum hittir ekki í mark með titli sínum. „Þessi titill hljómar eins og sagnaþættir af látnum útvarpsmönnum,“ segir einn álitsgjafa. Og annar: „Ódýr lausn á nafni á annars skemmtilegum reyfara. Bókin fjallar vissulega um fréttamann í meiri háttar klandri en þetta er einum of.“ Sá þriðji segir: „Það þyrfti að finna upp einhvers konar tól til að tortíma klisjukenndum titlum – að minnsta kosti banna þá börnum, svo þeir smíti ekki út frá sér.“



## AÐRIR VONDIR TITLAR

Þeir titlar sem voru við það að komast á topp fimm listann yfir vonda bókatitla árið 2008 með tvær tilnefningar voru Hljómagangur sem þykir ekki segja mikið og vera kauðskur: „Hér er um ævisögu sjálfs Gunna Þórðar að ræða en með hreinum ólíkindum að ekki hafi mátt finna eitthvað betra. Til dæmis hefði mátt leika sér með vísanir með sigildar línur úr um 10 þúsund dægurlögum meistarans. Bara svona til dæmis.“

**Lárus Pálsson – leikari** eftir Þorvald Kristinsson þótti frekar vondur. „Þurrasti, en sjálfsgagt heiðarlegasti bókatitill fyrir þessi jól. Fer ekki milli mála um hvað þessi bók er. Það gripur

um sig ákveðinn tótleiki við að sjá þennan titil. Sandur er sandur og möl er möl og þessi bók fjallar um Lárus Pálsson leikara.“ Og annar spyr: „Var í alvörunni ekki hægt að segja neitt meira um þennan mæta mann eða lífshlaup hans?“

**Dimmar rósir** Ólafs Gunnarssonar þótti tilgerðarlegur og... „Eitthvað sem gengur ekki upp um að rósir geti orðið dimmar. Eins er hugmyndasnaunt að kalla bók eftir lagatitli.“ Og þráinn er með umdeildan titil því meðan sumum þótti hann góður eru aðrir á því að þetta sé hæverskugrobb. „Höfundurinn þarf

nú ekki alveg að afsaka sig svona svakalega. Ég meina, ha?“ Og: „Ofnotaður orðaleikur sem er ekkert fyndinn lengur.“

**Daggardropar** eftir Kleopötru Kristbjörgu þótti tveimur álitsgjöfum óbærilega væminn og flatur. „Svona bók grýtir maður frá sér ef hún skyldi lenda í höndum manns – og þvæ sér á eftir.“

**Vetrarsól** Auðar Jónsdóttur er svo sagður óskiljanlegur.

**Dreifing** atkvæða var einnig mikil hvað varðar þá titla sem álitsgjafar sögðu vonda og voru

rúmir þrjátíu aðrir titlar nefndir. Og smekkur manna er misjafn Rökkurbýsnir voru nefndar sem vondur titill („Hér hefur skáldið misstigið sig á lykklaborðinu því í stað B á greinilega að vera F. Um leið breytist viðhorf kaupandans og með seyrusvip hvíslar hann að afgreiðslumanninum að hann vilji gjarna fá eitt eintak af Rökkufýsnum.“) sem þykir besti titillinn sem og Segðu mömmu að mér líði vel eftir Guðmund Andra Thorsson: „Þetta er óttalegur langintes. Hvað er spennandi við velliðan og samband við mömmu? Segðu höfundinum að ég viti það ekki.“



# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

DESEMBER 2008

# Heitustu áfangastaðirnir ÁRIÐ 2009



+ NÝÁRSFAGNAÐUR Í HONG KONG, FORSETASKIPTI Í BANDARÍKJUNUM OG ELDFLÓINN Í TASMANÍU

## Svæðisleiðsögunám um Reykjavík og nágrenni

[www.mk.is](http://www.mk.is)

### Almennt um námið

Námið tekur eina önn og veitir svæðisleiðsöguréttindi. Kennir er þrjú kvöld í viku frá mánudegi til miðviku-dags, auk æfingaferða um helgar.

### Inntökuskilyrði

Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi. Æskilegt er að hafa gott vald á einu erlendu tungumáli.

### Kennsla hefst mánudaginn 19. janúar.

Nánari upplýsingar á [www.mk.is](http://www.mk.is), í síma: 594 4025 eða á netfanginu: [lsk@mk.is](mailto:lsk@mk.is)



LEIÐSÖGUSKÓLINN  
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL





# MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Anna Margrét Björnsson skrifar

## HVERT SKAL HALDA Á NÝJU ÁRI?

**N**ú í desember birti ferðabíblían Lonely Planet lista yfir heitustu áfangastaðina árið 2009 og kennir þar ýmissa grasa. Flest eru þetta staðir sem manni hefði sjaldnast dottið í hug að heimsækja sem gerir þá auðvitað enn meira spennandi. Meðal staða sem Lonely Planet hvetur okkur til að heimsækja er Bay of Fires í Tasmaníu (sjá grein á síðu 6) sem hlýtur að vera eins langt frá Íslandi og hægt er að komast. Einnig er mælt með Algeríu og Líbanon, Bangladess og Kanada og Baskalönd Frakklands og Spáns eru ofarlega á blaði. Chicago verður að mati sérfræðinganna vinsælasta borg Bandaríkjanna á næsta ári og eyjaklasinn Chiloe við strendur Chile er talinn einn af þeim stöðum sem maður verður að heimsækja áður en maður deyr.

Margir eru eflaust haldnir ferðabakteríu á nýju ári. Ástandið í okkar ágæta heimalandi í bland við slabb, rok og skammdegi hvetur örugglega mörg okkar til að endurskoða lífið og tilveruna og jafnvel safna sér fyrir ferð á fjarlæggar slóðir. Í ársbyrjun er auðvitað tilvalið að halda hinum megin á hnöttinn þar sem sumarið er í algleymi og ferðast um spennandi álfur eins og Suður-Ameríku, Asíu og Ástralíu. Mjög fínar ferðaskrifstofur hafa sprottið upp undanfarið sem sérhæfa sig í spennandi ferðalögum um fjarlæggar slóðir og vert að skoða vandlega hvað þær

hafa upp á að bjóða.

En það sem kemur ef til vill mörgum á óvart er að einn heitasti áfangastaður nýs árs er enginn annar en Ísland. Samkvæmt Google Travel hefur tíðni leita að ferðum til Íslands aukist um 60 prósent og þá sérstaklega frá Bretlandi. Þetta er ekki skritið miðað við að verð á ferðum til Íslands hafa hrunið um helming og því má búast við að árið 2009 verði allt tröðfullt af túristum á Íslandi.



ferðalög kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjóri Anna Margrét Björnsson [amb@frettabladid.is](mailto:amb@frettabladid.is)

Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir

Forsíðumynd Haldið upp á nýtt ár í Hong Kong

Pennar Kristín Eva Þórhallsdóttir

Ljósmyndir Fréttablaðið, Getty Images

Auglýsingar Benedikt Þór Jónsson, [benedikt@365.is](mailto:benedikt@365.is)



Skíðagönguferðir í byrjun árs er um margar spennandi ferðir að velja.



## HALDIÐ TIL FJALLA Á JEPPUM OG SKÍÐUM

Ferðafélagið Útivist býður upp á spennandi og fjölbreytilega möguleika í vetrarferðum sínum.

**F**erðalög að vetrarlagi eru áhuga-verður möguleiki sem sífellt fleiri hafa áhuga á að nýta sér. Ferðafélagið Útivist hefur til margra ára boðið upp á spennandi ferðir jafnt vetur sem sumar. Ferðaáætlunin fyrir komandi mánuði liggur fyrir og kennir þar ýmissa grasa jafnt í dagsferðum sem og helgarferðum.

Um áramótin er farin hefðbundin ferð í höfuðvígi Útivistar, Bása og næstu helgi er á dagskránni þrettándaferð

þangað. Um miðjan febrúar er stefnt að skíðagönguferð frá Holtavörðuheidi um Haukadalsskarð og í byrjun mars er boðið upp á skíðagönguferð um Hengilsvæðið.

Af dagsferðum má nefna gönguferð um Brynjudal í byrjun febrúar og gönguferð umhverfis Kleifarvatn í sama mánuði.

Nánar er hægt að fræðast um ferðaáætlun Útivistar á heimasíðu félagsins, [www.utivist.is](http://www.utivist.is).



Básar Vetrarriki í Básum á Goðalandi er heillandi heimur að heimsækja.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

## Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.

Alltaf ódýrast á netinu  
[www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)



## HEIMAMAÐURINN

► Ósló

BRYNDÍS HÓLM, BLAÐAMAÐUR OG SJÓNVARPSFRÉTTAKONA

**FALLEGASTA KAFFIHÚSIÐ TIL AÐ FARA Á:** Flottasta kaffihúsið í bænum er Wayne's Coffee við Vika Terrassen.



**UPPÁHALDSVERSLUNARGATAN:** Það er án efa Hegdehaugsveien. Flott merki á ýmsu verði og smart verslanir.

**SMARTASTI BARINN:** Barinn á Bølgen og Moi veitingastaðnum í Briskeby-hverfinu.

**TVEIR BESTU VEITINGASTAÐIRNIR Í BORGinni:** Bølgen og Moi og Village Tandoori á Bygdøy Alle.

**NÝJASTA UPPGÖTVUNIN ÞÍN?** Það eru ekki bara fínar sundlaugar á Íslandi! Þær eru reyndar ekki eins góðar hér í Ósló, en ágætast samt!

**BESTI STAÐURINN TIL AÐ FARA MEÐ BÖRN:** Vigelands-garðurinn (Frogner).



**ÞAÐ SEM KEMUR MEST Á ÓVART VIÐ ÓSLÓ:** Það sem kemur mest á óvart er hversu lífandi borgin er. Mörg skemmtileg hverfi með iðandi mannlífi og kaffihús á hverju götuhorni. Ekki sveitó fyrir fimm ára!



Óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar  
og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða



**Rafport**

[www.rafport.is](http://www.rafport.is)

**B.**  
**Berker**





Fallsins minnst í nóvember verður haldið upp á 20 ára afmæli falls Berlinarmúrsins.

# BRJÁLADAR FERÐIR ÁRIÐ 2009

Sérfræðingar, vefsíður og ferðaskrifstofur eru nú í óða önn að birta lista yfir næstu staði sem maður bara verður að sækja heim á næsta ári.

Á næsta ári eru tækifærin næg til að kynda undir ævintýramennskunni. Af mörgu er að taka og nóg um að vera um allan heim. Hér er brot af því sem hægt er að sjá og gera á nýja árinu.

### Forsetaskipti í Washington

Ein stærsta veisla ársins verður eflaust í Washington þegar Barack Obama tekur við embætti forseta Bandaríkjanna. Búist er við miklum mannfjölda alls staðar að úr heiminum og eru öll hótél í Washington DC þegar uppþökuð, en það er möguleiki að taka þátt í þessari sögulegu stund með því að gista í nágrenninu og taka lestina í bæinn.

**Hvar:** Washington DC, Bandaríkjunum.  
**Hvenær:** 20. janúar.



**Obamafögnuður** Stærsta party ársins verður í Washington í janúar

### Áramót í Hong Kong

Ári uxans verður fagnað með stórkostlegri skrudgöngu í Hong Kong 26. janúar. Þúsundir tónlistarmanna, danshópa, trúða og listamanna munu taka þátt í skrudgöngunni og skreytingarnar verða stórfenglegar.

**Hvar:** Hong Kong, Kína.  
**Hvenær:** 26. janúar.

### Fiðrildi í Mexíkó

Ef þú hefur einhvern tímann látið þig dreyma um skólgargöngu þar sem þúsundir fiðrilda fljúga um þá er þetta tækifærið. Í byrjun febrúar munu 600 milljónir fiðrilda safnast saman í skógunum við Michoacan. Fjöldinn er slíkur að stundum hafa trjágreinir brotnað undan þunga fiðrildanna.

**Hvar:** Michoacan, Mexíkó.  
**Hvenær:** Í byrjun febrúar.



**Litskrúðug áramót** Nýtt kinverskt ár hefst 26. janúar og nefnist ár uxans.

**ÞJÓNUSTA SEM SPARAR FYRIRTÆKJUM TÍMA OG PENINGA**

ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

**HLUNNINDI SEM FYRIRTÆKJASAMNINGUR VEITIR:**

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn - alla daga ársins
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Ícelandair
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum

+ Skráðu fyrirtækið þitt núna á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Traustur íslenskur ferðafélagi

WWW.ICELANDAIR.IS

ISLNSKA/SALUS/ICE 4.6395 12/08



## Bókhald

50% starfshlutfall

Félagasamtök með mikil samskipti við félagsmenn, óska eftir að ráða starfsmann í bókhald og almenn skrifstofustörf en um er að ræða 50% starfshlutfall. Starfið er laust nú þegar og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni

- Færsla bókhalds
- Afstemming og uppgjör
- Innheimta félagsgjalda
- Almenn skrifstofustörf

### Hæfniskröfur og eiginleikar

- Að lágmarki 5 ára starfsreynsla við bókhald, afstemmingar og uppgjör
- Nákvæm vinnubrögð
- Reynsla af TOK bókhaldskerfinu er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Meðmæli frá endurskoðanda er skilyrði

Senda skal umsóknir ( ferilskrá með mynd )  
á netfangið bokhald-felag@internet.is  
Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar nk.  
og verða allar umsóknir meðhöndlaðar sem  
trúnaðarmál.

## VIGTARMENN

Námskeið til löggildingar vigtarmanna verður haldið á Neytendastofu, Borgartúni 21, dagana 19., 20. og 21. janúar 2009.

Endurmenntunarnámskeið verður haldið 26. janúar.

Allar nánari upplýsingar, svo og aðstoð við skráningu þátttakenda, eru veittar í síma 510 1100 og á heimasíðunni [www.neytendastofa.is](http://www.neytendastofa.is), undir Mæli-fræðisvið.

Skráningu lýkur föstudaginn 9. janúar nk.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101  
postur@neytendastofa.is • [www.neytendastofa.is](http://www.neytendastofa.is)

## VINNUVÉLA- NÁMSKEIÐ

**Næsta  
námskeið  
hefst  
9. jan. n.k.**



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.  
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNTRITUN Í SÍMA 588-1414

## KÍKTU Á CAPACENT.IS

capacent  
RÁÐNINGAR

## Kíktu á Vinna.is

Hjá Vinna.is eru fjölmörg störf í boði t.d. skrifstofustörf, framlínustörf, lager, útkeyrsla ofl. Skráðu þig á [www.vinna.is](http://www.vinna.is) og á póstlistann til að fá upplýsingar um ný störf á netfangið þitt.

[vinna.is](http://vinna.is)  
sími: 511 1144

## GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR  
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000





**HÆMAGEDDON**  
**HLUSTIÐ - TRÚIÐ - HLYÐIÐ**  
**FROSTI & MÁNI ALLA VIRKA DAGA KL. 15-17**



# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000** [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

## BÍLAR & FARATÆKI

0-250 þús.



Til sölu gamall og góður bmw 318 87 árg, 2dyra, skoðaður 09 og toppp lagi. fæst á góðu verði 160 þús. sími: 8689896

NISSAN ALMERA 1.6 árg.99 ek.89000km nýsk. ssk. Verd.270000 S.8489620

## ÞJÓNUSTA

### Jólaskemmtanir



Förum að koma til byggða, viltu að við komum við hjá þér? 20% rennur til Hjálparst. kirkjunnar. Þjónustum fyrirt., hópa, félög og einstakl. Skyrgamur.is - þessi með stóra hjartað! Uppl. í s. 587 1097 & skyrgamur@skyrgamur.is

### Hreingerningar



**Vy-þrif ehf.**  
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sam- eigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. [www.vy.is](http://www.vy.is)

### Garðyrkja

**Smágröfuleiga Drenlagir Skolplagnir Jarðvegsskipti**

Upplýsingar í síma: **824 7565 Beggi 696 6676 Bjóssi**

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á [www.ulfurinn.is](http://www.ulfurinn.is)

### Málarar

Málun sandsparslun múrverk flísalagnir trésmíðl.INGI málarí.is s8606401

### Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar S. 555 6363**  
Búslóða flutn., vöruf., pianó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Allar stærðir bíla. Uppl. í síma 555 6363 & 899 7188.

### Búslóðaflutningar

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

## Vöruflutningar

Ódýrari flutningar. Tilboð á sendibla- þjónustu. S. 892 6363 og á [www.myspace.com/skutlari](http://www.myspace.com/skutlari).

## Húsviðhald

**Viðhaldsþjónusta**  
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar á t.d pipulagnir, smíðar, rafvirkjun og múrvöðgerðir.

**Vanir menn, vönduð vinna. Upplýsingar í síma 892 1524. Klippið út - Geymið auglýsinguna!**



**Múrverk og málnun**  
Getum bætt við okkur verk- efnum í Húsviðgerðum. Öllu almennu múrverki, Flísalögnum, Múrklæðningum, Sandspörslnun og málnun. Erum einnig farin að bóka verkefni fyrir næsta ár.  
**Upplýsingar gefa Kolbeinn múrarameistari í s: 8966614 og Helena framkvæmdastjóri í s: 843 3230 / 562 1300**

[m1@m1.is](mailto:m1@m1.is)

[m1.is](http://m1.is)

## Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Húsviðgerðir

Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrvöðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

## Spádómar

Englaljós s. 908 5050  
Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina?

Andleg leiðsögn Fyrirbætur Trúnaður

Er við alla daga frá 09 t.há. til 01 eftir miðnætti

Lára spámiðill s. 803 1987. [VISA/EURO](http://VISA/EURO)

**Hanna** S. 555 2927 [visa/euro](http://visa/euro)

Andleg leiðsögn Fyrirbætur Draumar Tarot

Er við alla daga frá hádegi til miðnættis

[www.orlagalinan.is](http://www.orlagalinan.is)

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma **595 2001 & 908 1800**

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirý í s. 552 4244 & 823 6393.

## KEYPT & SELT

### Til sölu

**Hlutafélag í Bretlandi eða Hollandi**  
Vantar þig félag í Bretlandi eða Hollandi?  
Með eða án bankareiknings. Traust og örugg þjónustu hringdu núna!  
Regent Account Ltd S: 618-7001  
Uppl. í s. 618 7001

Takmarkað magn! Básamottur kr. 7990- Nótud plastborð og rimar í fjárhúsgölf. S. 565 1048 & [www.johannhelgi.is](http://www.johannhelgi.is)

## Óskast keypt

nýtt/used, restaurant/eldhús equip- ment, pottar, table og allt. 821-7909

## Hljómtæki

TANDBERG segulband 'oskast, gang- faert. Er eitt í geymslunni! gudnib12@simnet.is

## Til bygginga

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á [www.ulfurinn.is](http://www.ulfurinn.is)

## Verzlun

**Amor**  
Egg í miklu úrvali frá kr. 590,-  
Tilboð á DVD Frábært úrval af nýjum titlum.

Full búð af nýjum vörum **INTIMO.**  
Órugglega besta rákagildi!  
Tökum að okkur heilmagnslegar!  
Skúlagata 40a s. 562 2433 Dalvegur 16a s. 562 2445 [www.amor.is](http://www.amor.is)

**Stærri limur betri limur**  
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á [bathmate.is](http://bathmate.is)

## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 [www.eco.is](http://www.eco.is)

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. [www.halldorabjarna.is](http://www.halldorabjarna.is) S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 [www.lifstill.is](http://www.lifstill.is)

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, [osa@ismennt.is](mailto:osa@ismennt.is)

## Nudd

**Heilnudd**  
Kemur blóðflæðinu af stað og er slakandi fyrir líkama og sál  
Sími 551 2042 / 694 1275

**Exclusive tantra massage**  
For men, women and couples. Tel. 698 8301 [www.tantra-temple.com](http://www.tantra-temple.com)

**Nudd - Japanska baðið**  
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki eróttískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og framtefir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

### Snyrtng

**Hárlengingar • Fléttur • Varanleg förðun •**  
Sími 551 2042 / 694 1275 [www.hairandbodyart.net](http://www.hairandbodyart.net)  
Lynette Jones

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**

Herb. til leigu. Eldh. baðh. int- ernet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 38 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.  
Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 38.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.  
Uppl/info í S. 824 4530.

**husaleiga.is**

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. [www.husaleiga.is](http://www.husaleiga.is). Sími 471 1000.

**LMH.IS**  
Leigumíttur Hafnarjarðir  
SÍMI 517 0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði [www.lmh.is](http://www.lmh.is). Sími 517 0150.

Fjögra herbergja íbúð til leigu í set- berginu Hfj. Íbúðin er rúmri 90 fm og geymsla þvottahús ekki með í því. Íbúðin er neðri hæð í tvíþyli og hendar því fólki með gældýr. Parket á gólfum nema baði og einu svefnherbergi. Flott eldhúsinnrétting og uppvöskunarfél fylgir með. Verð 120 þús á mánuði rafm og hiti með. Sími 663-2610. Sigurður ([sjh@mi.is](mailto:sjh@mi.is))

Herbergi til leigu í Hfj. Þvottaáðstaða, sameiginleg sturta og eldunaraðstað. ADSL. 35.000.- á mánuð. Stutt í strætið og búð. Sími 615-4181

2 herb. í miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 60þ. S. 895 0482.

Appartment 90m2 í Garðabæ ósámp nýleg mjög opin hátt til lofts. V 110þús 8927858

### Húsnæði óskast

Háskólanemi óskar eftir 2 herb. íbúð á eða nálægt svæði 105, ekki kjallara. Reyklaus, reglusöm. Verðhugmynd 75 þús/mán (samkomulag). S:8620296

Karlmáður á þrítugsaldri leitar að 2. herb íbúð eða studioíbúð til leigu. Skilvísun greiðslum heitið.S 7723626

### Geymsluhúsnæði

Geymsla fyrir bíla, fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna. Austan Selfoss. Uppl. í s. 897 1731 Ásgeir

**www.buslodageymsla.is**  
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**  
Geymslur frá 5990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**  
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSLTV.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Familie med to børn (5+3) søger en sød pige til at hjælpe os med husholdning- en ca. 25-30 timer om ugen. Vi tilbyder værelse, kost og lommepenge. Vi bor i Lyngby, et roligt område tæt ved København. Ring til Lone Vilstrup på +45 51 58 27 42 eller send en mail til lone.vilstrup@dk.ey.com, for at høre mere.

### Atvinna óskast

Sjálfstæður smíður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Símapjónusta Spjalldómur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

## SÍMAPJÓNUSTUR

**Stefnumót**  
905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (frítt, karlar)  
555-4321 (frítt, konur)  
**Spjall**  
904-5454 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (frítt, konur)  
**Gay spjall**  
535-9988 (kreditkort)  
**Sögur**  
905-2002 (símatorg)  
535-9930 (kreditkort)  
**Spjalldómur**  
908-6000 (símatorg)  
535-9999 (kreditkort)

## Stefnumót.is

Nýr og vandaður vefur fyrir fólk sem vill kynna með félagsskap, vinskap eða varanleg kynni í huga. Ekki rugl, engin nekt, ekkert lauslæti. Vertu velkomin/n í heimsókn.

### 32 ára strákur

ljóshærður, í mjög finu formi, vill kynna- st karlmanni. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8759.

### Ný upptaka!

Ung kona í afar innilegum leik í sóf- anum sínum! Njóttu lífsins með henni í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, miklu ódýrara), upp- tókunúmer 8754.

### 54 ára karlmaður

vill kynna sér yngri manni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8344.

### Kona á miðjum aldri,

blíð og góð, ágætlega stæð, búsett rétt utan Reykjavíkur, vill kynna einhleyp- um karlmanni sem er með allt sitt á hreinu, bæði fjárhagslega og á aðra vegu. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8904.

**Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

...góðar fréttir fyrir umhverfið

**Auglýsingasími**

**512 5050**


- Mest lesið

**Takk fyrir vatnið**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar [www.help.is](http://www.help.is)





# Áramóta annali Markaðarins

Kemur út 30. desember

## Meðal efnis í blaðinu:

- ★ Innlendir og erlendir viðskiptaannáll.
- ★ Viðskiptamaður ársins valinn og ítarlegt viðtal við hann birt í blaðinu.
- ★ Bestu og verstu viðskiptin á árinu.
- ★ Greinar frá forkólfum viðskiptalífsins. Árið gert upp og horft fram á veginn.




## Auglýsendur athugið!

Tryggið ykkur auglýsingapláss í tíma. Nánari upplýsingar veitir Örn Geirsson, netfang: orn@frettabladid.is, sími: 512 5448.



FRÉTTABLAÐIÐ





Fiðrildaský í byrjun febrúar safnast 600 milljón fiðrilda saman í skógunum við Michoacan.

#### Tónleikar í Ölpunum

Snowbombing er dans- og rokk-hátíð skíðamannsins í yfir 600 metra hæð í Mayrhofen í Austurríki. Hátíðin stendur yfir í fjóra daga og tónlistarmennirnir Dizze Rascal og Fatboy Slim eru meðal þeirra sem munu drífa stemminguna áfram og risastórt diskótek verður haldið í snjóhúsi uppi á jökli.

[www.snowbombing.com](http://www.snowbombing.com)

Hvar: Mayrhofen, Austurríki.

Hvenær: 29. mars - 4. apríl.

#### Semana Santa í Granada

Spánverjar sýna á sér alvarlega hlið þegar dymbilvikan stendur yfir í apríl þegar þeir ganga saman í hópum um strætin hempuklæddir með blys við tregafullan óm flamengósöngva og framhjá húsum prýddum helgimyndum af Jesú Kristi.



Hvar: Sankti Pétursborg, Rússland.

Hvenær: Júní.

#### Drama í Finnlandi

Ef þú hefur hugsað þér að njóta náttúrunnar í landi hinna þúsund vatna, Finnlandi, geturðu gert það um sama leyti og óperuhátíðin

Hvar: Granada, Spánn.  
Hvenær: 5.-12. apríl.

#### Partí í Hollandi

Í Amsterdam er dagur drottningarinnar haldin hátíðlegur og um 700 þúsund manns safnast saman að kvöldi 29. apríl og dansa um göturnar. Partíbátar fljóta niður síkin og enginn fer í háttinn fyrr en næsta dag.

Hvar: Amsterdam, Hollandi.  
Hvenær: 29.-30. apríl

#### Töfrandi Pétursborg

Listahátíðin Hvítar nætur stendur yfir frá maí til júlí, en júní er besti tíminn til að fara. Þá er borgin afar rómantísk, böðuð sérkennilegri birtu, strætin glitra og listamennirnir glóa. Dagskráin verður kynnt í byrjun ársins en óperan í Mariinskí-leikhúsinu verður eflaust einn af hápunktunum.

Hvar: Sankti Pétursborg, Rússland.

Hvenær: Júní.

#### Drama í Finnlandi

Ef þú hefur hugsað þér að njóta náttúrunnar í landi hinna þúsund vatna, Finnlandi, geturðu gert það um sama leyti og óperuhátíðin

Savonlinna stendur yfir. Hún er haldin í dramatísku umhverfi kastala Sankti Ólafs og verk eftir Puccini, Donizetti og Boito verða í boði. Sjá: [www.operafestival.fi](http://www.operafestival.fi).

Hvar: Savonlinna, Finnlandi.  
Hvenær: 3. júlí-1. ágúst

#### Flugeldar í Plymouth

Áhugafólk um flugelda getur fengið útrás í Plymouth 11. ágúst þegar breska flugeldalandsmótið er haldið. Mestu skiptir að gleyma ekki eyrnatöppunum heima.

Hvar: Plymouth, England.  
Hvenær: 11. ágúst.

#### Úlfaldar í Rajastan

Hundruð þúsunda manna og dýra safnast saman á úlfaldamarkaðinum í Pushkar. Risastórum tjaldbúðum er slegið upp á meðan stærsti dýramarkaður heimsins stendur yfir. Listamenn koma víða að, sögumenn, töframenn, spámenn og tónlistarmenn.

Hvar: Rajastan, Indlandi.  
Hvenær: 30. október.

#### Fall Berlínarmúrsins

Öll Austur-Evrópa mun fagna því að 20 ár liðin eru síðan Berlínarmúrinn féll. Risastór margmiðlungsýning verður við Branden-

borgarhliðið, þar sem meðal annars hundruð skreyttra steina munu falla hver á eftir öðrum eins og dómínó til að tákna hrun múrsins. Hvort sem það mun virka eða ekki, þá verður partíið eflaust gott.

Hvar: Berlín, Þýskalandi.  
Hvenær: 9. nóvember.

#### Öðruvísi jól í Tyrklandi

Í byrjun desember safnast fólk saman í Konya í Tyrklandi til að fylgjast með sérstakri athöfn mörg hundruð súffí-dulspekinga sem falla í trans við virkismúrana. Ólíkt ferðamannasýningunum í Istanbúl er engin sýndarmennska þarna á ferðinni.

Hvar: Konya, Tyrklandi.  
Hvenær: 10.-18. desember.



Úlfaldamarkaður Risastórum tjaldbúðum slegið upp í Pushkar.

Traustur  
islenskur ferðafélagi

# JÓLAPAKKATILBOÐIÐ

## MUNIÐ AÐ BÓKA FYRIR 23. JANÚAR

Peir sem fengu gjafabréf Icelandair í jólagjöf geta bókað ferð á tilboðsverðinu til og með 23. janúar.

Ferðatímabil er frá 10. janúar til og með 31. mars 2009.

Eftir að ferðatímabili lýkur gildir jólagjafabréfið sem inneign upp í fargjöld með Icelandair.

+ Bókaðu ferðina á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Safnaðu Vildarpunktum   Ferðavísun gildir

[WWW.ICELANDAIR.IS](http://WWW.ICELANDAIR.IS)





# SÍÐAN SKÍN SÓL

## Tenerife

sumarið 2009 er komið í sölu.

Parque de las Americas \*\*\*

Verð frá:  
**54.640 kr.**

Brottfarir 20. og 27. maí, 3., 10. og 17. júní.  
Flug og gisting í 7 nætur með íslenski fararstjórn.  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára.  
Ef 2 ferðast: 57.552 kr.

**Besta verðið bókast fyrst.**  
Bókaðu strax á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

**plús**  
FERÐIR

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

VISA MasterCard

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

„...fyrst á [visir.is](http://visir.is)“



**visir.is**  
...ég sá það á [visir.is](http://visir.is)




## HVÍTAR STRENDUR

Lonely Planet nefndi Bay of Fires eða eldfloa í Tasmaníu einn besta ferðamanna- staðinn árið 2009. Hvítar strendur, skógar og kyrrð staðarins hefur hingað til verið vel geymt leyndarmál þessarar dularfullu eyju sunnan Ástralíu.

**E**ldflói er næstum þrjátíu kílómetrar af hvítum sandi. Í skammdeginu hljómar það eins og draumur, ekki satt?

Eldflói er við strendur Tasmaníu í Ástralíu og er lofaður fyrir þægilega strandmenningu, nota- leg strandhýsi, kyrrð og göngu- ferðir í náttúrunni. Enda ekki af ástæðulausu að staðurinn var nefndur einn helsti ferðamanna- staðurinn árið 2009 af ritstjórn Lonely Planet. Hann er norðaust- ur af bænum Sankti Helenu og norðausturströnd Ástralíu, miðja vegu milli Eddystone Point til norðurs og Binalong flóa til suð- urs.

Eldflóa er lýst sem strönd strandaglópsins í umsögn Lonely Planet. „Hvítar strendur fylltar fínum sandi stundaglassins, safír- blár sjór, heiður himinn – og ekki sála,“ segir jafnframt í umsögn- inni. „Þetta er leynistaður Tasm- aníu, sem liggur eins og fjársjóðs- kort af fullkominni strönd umvafin skógi.“

Ekki alls fyrir löngu fór Eldflói að vekja á sér athygli og fólk mun fljótt flykkjast þangað, og því betra að fara fyrir en seinna.

Til að komast að Eldflóa þarf að keyra í gegnum Binalong-strönd, en það er ekki nema tíu mínútna akstur frá Sankti Helenu. Þetta er staður stútfullur af hvítum sand-

ströndum, smáum lónum og litlum felustöðum þar sem hægt er að slaka á í einrúmi og jafnvel renna fyrir fisk, eða kafa ofan í tæran sjóinn. Göngugarpar geta tekið þátt í fjögurra daga hópgönguferð um ströndina með reyndum leið- sögumönnum.

Nafnið er óneitanlega flott, Eld- flói, en enskur landkönnuður gaf staðnum þetta nafn árið 1773 þegar hann var að rannsaka skóg- arelda meðfram ströndinni. Eng- inn bjó þarna þegar landkönnuð- urinn steig á land en hann grunaði að þar hefðu búið heilmargir. Fornleifarannsóknir hafa staðfest að hann hafði rétt fyrir sér.

- kep

[ MALLORCA ] Þegar jól og áramót eru yfir- staðin á Íslandi eru Spánverjarnir enn í studí og í janúar er mikið um hátíðarhöld á eyjunni Mall- orca. Veðurfar er milt og ljúft um vetrarmánuði- na og upplagt að skella sér á hátíð vitringanna þriggja en það er eins konar skruðganga í Palma þar sem vitringar sitja í skrautlegum vögnum og dreifa sælgæti til barna. Síðar í mánuðinum eru svo dagur heilags Antóníusar, þegar fólk kemur með gæludýrin sín í kirkjurnar til að láta blessa þau, og dagur heilags Sebastíans en þá eru veis- luhöld á götum úti. Skemmtilegustu gistinguna er að finna í fjallþorpinu Fornalutx (prufaðu til dæmis Ca'an Reus, [canreushotel.com](http://canreushotel.com)) og það eru frábærir veitingastaðir í Palma. Stjörnurnar fara á La Boveda sem býður upp á ýmiss konar skelfisk. Kaupu þér svo vín og mat í gourmet-búðinni Fosh Food ([foshfood.com](http://foshfood.com))



- amb



# ☆ Tenerife í sumar

Costa Adeje Gran Hotel ☆☆☆☆☆

2 vikur  
með morgunverði

frá **99.400 kr.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn

NÝTT Club Flamingo ☆☆☆

Íbúð í 2 vikur

frá **65.840 kr.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar



## TÍU BESTU

### ... BORGIRNAR TIL AÐ SKEMMTA SÉR Á GAMLÁRSKVÖLD

**1. LONDON** Teldu niður að miðnætti með klukkunni í Big Ben og horfðu á miðborgina breytast í allsherjarflugeldasýningu. Skelltu þér svo á pöbbarölt og syngdu Auld Lang Syne ásamt kátum og drukknum Bretum.

**2. AMSTERDAM**

Á Nieumarkt-torginu í Amsterdam gilda sömu reglur og í Reykjavík um flugelda: fólk má sprengja þá að vild. Taktu með þér kampavínsflösku og haltu upp á Oudjaarsdag (gamlársdag) með stæl.



**3. MADRÍÐ** Borgarbúar þyrpast á torgið Puerta del Sol í miðbænum og borða tólf vínber á meðan þeir hlusta á klukkana slá í Casa de Correos. Mundu að vera í rauðum nærfötum þar sem Spánverjar trú á því að það færi gæfu á nýju ári.

**4. PARÍS** Borg ljósanna skín enn skærar á gamlárskvöldi þegar stórfengleg flugeldasýning á sér stað við Eiffeltorninn. Metró-lestin er ókeypis þar til klukkan 12.05 og upplagt að fara niður á Champs Elysees þar sem Frakkar hópast saman með kampavín.

**5. NEW YORK** Það er alveg svakalega kalt í stóra eplinu í desember en maður hefur nú varla upplifað alvöru gamlárskvöld nema að hafa staðið ásamt borgarbúum á Times Square og talið niður að miðnætti.

**6. RIO DE JANEIRO** Dansaðu á bikini ásamt tveimur milljónum Brasilíubúa á Copacabana-ströndinni í Rio. Svo geturðu horft á flugeldasýningu og hellt úr kampavíni í sjóinn en heimamenn trú á því að gyðja sjávarins, Yemanjá, færi þér þá gæfu á nýju ári.

**7. SYDNEY** Ástralía er eitt af fyrstu löndum heims sem heldur upp á nýja árið þar sem hún er jú hinum megin á hnettinum. Það eru engin partí eins og partí í Sídney.

**8. TÓKÝÓ** Japanar halda partí í þrjá heila daga, frá 31. desember til 3. janúar. Borgin bókstaflega iðar af lífi: flugeldar, dans, söngur og borðhald.

**9. TORONTO** Taktu með þér hlýtt teppi og farðu í miðborgina þar sem ljósahátíðin Cavalcade of Lights á sér stað.

**10. VÍNARBORG** Það er svo mikið að gerast á gamlárskvöld í Vín að maður veit varla hvar maður á að byrja. Tónleikar og veisluhöld eru úti um alla borg og hápunkturinn er svo þegar Pummerin-bjallan í dómkirkju heilags Stefáns hringir inn nýja árið.

# ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

**NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT**

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurlugvöll

**Alltaf laus sæti**

[www.flybus.is](http://www.flybus.is)




BYG - www.re.is



BSÍ, 101 Reykjavík, ☎ 562-1011, [main@re.is](mailto:main@re.is), [www.flybus.is](http://www.flybus.is)

## flugrúttan



**ICEFIN**  
Nóatúni 17  
S:534 3177  
[www.icefin.is](http://www.icefin.is)

**Flottir skór sem halda þér þurrum og hlýjum  
verð frá 5.900 kr.**




## → BESTU BÓKATITLARNIR 2008

### 1. Rökkurbýsnir eftir Sjón

26 stig og átta tilnefningar


Sjón hitti beint í mark með titlinum Rökkurbýsnir sem þykir einkar flottur titill, flott orð sem fer vel á glæsilegri kápu. „Vekur áhuga og umhugsun,“ sagði einn álitgjafi meðan annar sagði: „Ótrúlega smart titill með magnað aðdráttarafl. Maður þarf eiginlega ekki að vita neitt um innihaldið, mann langar bara að lesa.“ Annar vildi meina að orðið eitt væri „kraftaskáldskapur í sjálfum sér – minnir á dróttkvæði og vekur upp ærsladrauga í sálinni.“ Einn benti á að þetta orð væri fengið lánað frá Jóni lærða. Og enn einn sagðist ekki endilega þurfa að vita hvað orðið þýðir, það sé sem ljóð í sjálfu sér. Og þessi álitgjafi dró ekki af sér: „Dulúðugt og óvænt, fær mann til að stoppa og rýna í orðið eins og það hafi að geyma heila skáldsögu sem mann langar að lesa!“ Sjón á besta titilinn í ár.



### 3. Myrká eftir Arnaldur Indriðason

16 stig og sex tilnefningar

„Niðursoðinn töffaraskapur. Titlarnir eru klárlega sterkasta hlið Arnaldar,“ segir einn álitgjafi um Myrká sem þykir þriðji besti titillinn. „Arnaldur er svo stílhreinn og flottur. Myrká. Hvers vegna er enginn af þessum 800 krimmahöfundum á Íslandi búinn að gefa út bók sem heitir Myrká? Frábær titill á bók sem ég mun reyndar örugglega ekki lesa.“ Flottasti glæpasagnatitillinn í ár segir einn og annar bendir á að titillinn vekji upp óhugnað eins og glæpasögur eiga að gera. „Knappur og sterkur titill. Djúpt, dimmt, óhugnanlegt. Þjóðlega draugalegt.“



### 4. Loftnet klóra himin eftir Þórunn Erlu-Valdimarsdóttur

14 stig og fjórar tilnefningar

Titillinn er sagður jafn snjall og Þórunn sjálf. „Dregur upp gifurlega sterka og áleitna mynd.“ Annar segir þetta frumlegan og áhugaverðan titil og einn álitgjafanna segir: „Kankvís, skemmtilegur og hæfir bókinni vel.“ Þórunn er í fjórða sætinu.



### 5. Ofsi eftir Einar Kárason

12 stig og þrjár tilnefningar

Ofsi Einars er af einum álitgjafanna sagður einfaldasti og flottasti titillinn þetta árið. „Ofsalega sterkt og töff orð, fjórir stafir sem í þessari röð kalla fram rosalega spennu.“ Og annar: „Viss um að hér er á ferðinni besta bók ársins. Viðeigandi og kraftmikill titill.“



## AÐRIR GÓÐIR TITLAR

**Skaparinn** eftir Guðrúnu Evu var nálægt því að komast á blað með 10 stig og tvær tilnefningar. „Það er svo æðisleg „guðlastslykt“ af því að kalla mann sem framleiðir heimsins flottustu kynlífsdúkkur skaparann. Mér hefur alltaf fundist töff að leika sér með merkingu orða og þarna hittir Guðrún Eva naglann á höfuðið.“ Og annar sagði: „Ég ætla að gefa þessa bók konu sem ég hef mætur á.“ Titillinn Sjáðu fegurð þína eftir Kristínu Ómarsdóttur er jafn Skaparann: „Undrafagur titill með glettni og kemur skemmtilega aftan að manni, því manni er boðið að sjá sína eigin fegurð. Líkt og spegli sé borið upp að manni á elskulegan hátt.“

Aðrir titlar sem fengu tvær tilnefningar en ívið færri stig eru **Tvítólaveizla** Ófeigs Sigurðssonar: „Grípandi titill svo ekki sé meira sagt. Mig dreplangar að lesa hvað gerist í partii þar sem allir eru tvítóla.“ Og: „Hér er gefið loforð um ægilegan dónaskap, og raunar staðið við það – og þetta er fallegasta zeta Íslandssögunnar.“

Hugleikur Dagson er hinn á góða titla. „**Jarðið okkur** er einstaklega viðeigandi titill á glæsilegri kúkahúmorssamfélagsádeilubókaröð Hugleiks.“ „Frábær endir á velnefndum bókum Hugleiks.“ Og **Gissurason – hver er orginal?** eftir Óttar M. Norðfjörð. „Langar í bókina sem er á góðu verði um hugmyndafræðinginn á bak við gjaldþrot Íslands.“ Þráinn Bertelsson er sagður með góðan titil: „**Ég ef mig skyldi kalla** – kannski finnst mér hann flottur af því að eldri kona í Keflavík var von að taka svona til orða, sérstaklega ef spurt var hver ætti heiðurinn (af hinu og þessu) – þá var þetta jafnan svarið. Litillát var hún blessunin.“ Og **Konur** eftir Steinar Braga þykir ágætur titill.

Annars var dreifing mikil og smekkur manna greinilega nokkuð misjafn. Þannig voru um þrjátíu aðrir titlar nefndir einu sinni.

### 2. Segðu mömmu að mér líði vel eftir Guðmund Andra

19 stig og fimm tilnefningar

Andri hreppir annað sætið. „Einhver skemmtileg rómantik í titlinum, sem gefur góð fyrirheit um innihaldið.“ Álitgjafarnir sögðu að manni líði vel við það eitt að heyra þennan titil. „Setning sem allir sem eiga mömmu tengja sjálfkrafa við. Mann langar strax að vita meira!“ Annar benti á að þetta væri ekkert svakalega frumlegt en... „mikil hlýja í titlinum – og það er gott að fá smá hlýju og yl á þessum síðustu og verstu.“



## Allt þarf að spila saman

Ásdís Benediktsdóttir, starfsmaður í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi, segir allt spila saman þegar fólk velur sér bók í bókabúðum: útlitið, titillinn og svo auðvitað innihaldið. Fæstir hafa samt tíma til þess að kynna sér innihaldið fyrir jólin og því skiptir útlit bókanna töluvert miklu máli að mati Ásdísar. „Stundum líða góðar bækur fyrir þúkalegt útlit, því miður,“ segir Ásdís.

Hún segir kúnna bókabúðanna yfirleitt hafa höfundana meira í huga en bókatitlana og þegar kemur að sumum gerðum af bókum spáir fólk afar lítið í titlana. „Ég man til dæmis aldrei titlana á Agöthu Christie-bókum, kannski út af því að það hafa komið svo margar bækur út eftir hana.“

Góður titill fangar athygli og gefur vísbendingar um efni bókarinnar og þannig bendir Ásdís á að titillinn Dimmar rósir vísi klárlega í hippatímabilið, sem er söguvið bókarinnar og það sé gott. Titill á borð við Litla stúlkan og sígarettan er dæmi um titil sem er óvenjulegur og vekur forvitni.



ÁSDÍS BENEDIKTSDÓTTIR Titlarnir skipta máli segir Ásdís sem hefur unnið lengi í bókaeverslun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN.

## ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS

Ari Matthíasson leikari  
Atli Fannar Bjarkason ritstjóri  
Ásdís Thoroddsen leikstjóri  
Bragi Valdimar Skúlason Baggalútur  
Brynhildur Björnsdóttir fjölmiðlakona  
Dögg Hjaltalín bókabúðaeigandi  
Eiríkur Guðmundsson útvarpsmaður  
Eiríkur Örn Norðdahl rithöfundur  
Elísabet Indra Ragnarsdóttir dagskrárgerðarmaður  
Elísabet Sveinsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Gerður Kristný skáld  
Gísli Ásgeirsson þýðandi

Guðlaug Richter prófarkalesari  
Halla Sverrisdóttir þýðandi  
Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor  
Katrín Heiða Hauksdóttir kynningar- og markaðsstjóri  
Mikael Torfason rithöfundur  
Sigurbjörg Prastardóttir skáld  
Sigurjón Kjartansson handritshöfundur  
Teitur Atlason, guðfræðingur og flakari  
Viðar Eggertsson leikhússtjóri  
Þórarinn Þórarinnsson fréttastjóri  
Þórdís Gísladóttir íslenskfræðingur

# SKYNDI- HJÁLPAR- MAÐUR

Rauði kross Íslands auglýsir eftir ábendingum um einstakling sem hefur á árinu 2008 bjargað mannlífi með réttum viðbrögðum í skyndihjálp.

# ÁRSINS 2008

Ábendingar skulu berast Rauða krossi Íslands fyrir 15. janúar. Viðurkenningar verða veittar þann 11. febrúar. Nánari upplýsingar um tilnefningar og hvernig staðið er að valinu má finna á [www.raudikrossinn.is](http://www.raudikrossinn.is)

**Rauði kross Íslands**  
[www.raudikrossinn.is](http://www.raudikrossinn.is)



DENZEL WASHINGTON  
ER 54 ÁRA Í DAG.

„Leiklist er einungis leið til að vinna fyrir sér, fjölskyldan er lífið sjálft.

Óskarsverðlaunahafinn Denzel Washington hefur leikið í myndum á borð við *The Pelican Brief*, *Malcolm X* og *The Hurricane*. Hann er fjögurra barna fjölskyldu-faðir og er þekktur fyrir að láta Hollywood-lífið ekki stíga sér til höfuðs.



ÞETTA GERÐIST: 28. DESEMBER ÁRIÐ 1887

## Bríet talar um kjör kvenna

Bríet Bjarnhéðinsdóttir flutti fyrst kvenna opinberan fyrirlestur hér á landi þennan dag árið 1887. Fyrirlesturinn hélt hún í Góðtemplarahúsinu og bar hann heitið Kjör og réttindi kvenna.

Bríet fæddist árið 1856 og ólst upp í Vestur-Húnavatnssýslu. Hún fór 24 ára til náms í Kvinnaskólanum á Laugalandi í Eyjafirði og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn. Að námi loknu var ekki frekara nám í boði fyrir stúlkur og hóf því Bríet að kenna börnum og unglingum í Þingeyjarsýslu. Bríet skrifaði ritgrein um stöðu kvenna þegar hún var aðeins 16 ára. Ritgerðin kom ekki fyrir sjónir annarra fyrr en þrettán árum síðar, árið 1885, í ritinu Fjallkonan undir heitinu Nokkur orð um mennt-



un og rjettindi kvenna. Bríet kenndi í heimahúsum í Reykjavík en þá gengu konur ekki í skóla né kenndu. Fyrirlestur hennar, Kjör og réttindi kvenna, var gefin út á prenti. Bríet giftist Valdimar Ásmundssyni, ritstjóra Fjallkonunnar, og átti með honum tvö börn. Bríet stofnaði Hið íslenska kvenfélag ásamt fleirum og gaf út kvennablaðið og ritstýrði því. Hún átti einnig hugmyndina að stofnun Bládamannafélagsins. Hún var upphafsmaður að stofnun Kvenréttindafélags Íslands árið 1907 og ein af stofnendum Verka-skrifaði ritgrein um stöðu kvenna þegar hún var aðeins 16 ára. Ritgerðin kom ekki fyrir sjónir annarra fyrr en þrettán árum síðar, árið 1885, í ritinu Fjallkonan undir heitinu Nokkur orð um mennt-

### MERKISATBURÐIR

- 1630 Oddur Einarsson, biskup í Skálholti, fellur frá.
- 1871 Leikritið Nýársnótt eftir Indriða Einarsson sýnt af skólaláttum í Reykjavík.
- 1836 Spánn viðurkennir sjálfstæði Mexíkó.
- 1894 Skemmdir verða á húsum í Reykjavík í ofsaveðri og sjávarflóðum.
- 1965 Eyja rís úr hafi skammt frá Surtsey og hverfur ári síðar.
- 1967 Borgarspítalinn í Fossvogi tekinn í notkun.
- 1975 Fjögur þúsund manns farast í jarðskjálfta í Pakistan.
- 1983 Sjúkrastöð SÁÁ Vogur tekur til starfa.
- 1989 Ellefu manns farast í jarðskjálfta í Ástralíu.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Þökkum auðsýnda samúð og hlýbug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Hjörleifs Hafliðasonar**

Rauðumýri 3, Akureyri.

Sérstakar þakkir fær Heimahlýningin á Akureyri fyrir ómetanlega hjálp og alúð í veikindum hans.

Júlíana Hinriksdóttir

Sigurður Hinrik Hjörleifsson  
Elisabet Hjörleifsdóttir

Sjöfn Ragnarsdóttir

Guðmundur Heiðar  
Frimannsson

Þórhalla Sigurðardóttir

Hjörleifur Árnason

Kristján Sigurðsson


Lárus Arnór Guðmundsson

Þóra Sif Ólafsdóttir

Jóhann Guðmundsson

Valgerður Guðmundsdóttir

og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Sigurðardóttir**

Lokastíg 2, Reykjavík,

sem lést á Hrafnistu Reykjavík, þriðjudaginn 16. desember sl., verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni 29. desember kl. 13.00.

Sveinn Hörður Blomsterberg

Arndís H. Kristjánsdóttir

Sigurður Ragnar Blomsterberg

Ólöf Þ. Ólafsdóttir

Þórunn Ólöf Sigurðardóttir

barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Anna Tryggvadóttir**

Hamraborg 32, Kópavogi,

lést á Hrafnistu Vífilstöðum mánudaginn 15. desember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 29. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hinnar látnu láti líknarstofnanir njóta þess.

Tryggvi M. Þórðarson

Selma Þórðardóttir

Agnes Þóll Tryggvadóttir

Hjalti Lýðsson

Þórunn M. Tryggvason

Egill Andri Tryggvason

**Úttarþjónusta**

borgarinnar

Sími 551 7080

Bárugata 4, 101 Reykjavík.

Vönduð og persónuleg þjónusta

Inger Steinsson,  
úttarstjóri,  
s. 691 0919

Inger Rós,  
úttarþj.,  
s. 691 0919

Ólafur Örn,  
úttarstjóri,  
s. 896 0544

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á nefngið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



BJART FRAM UNÐAN Harpa Þórsdóttir, forstöðukona Hönnunarsafns Íslands, segir mikið kapp í íslenskrri hönnun í dag og sjá ungir hönnuðir tækifæri í þjóðfélagsástandinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TÍU ÁR FRÁ STOFNUN: HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS STENDUR Á TÍMAMÓTUM

## Slagkraftur í hönnun í dag

Nú eru tíu ár liðin frá stofnun Hönnunarsafns Íslands. Harpa Þórsdóttir listfræðingur tók við forstöðu safnsins í haust og segir hún bjart fram undan á þessum tímamótum.

„Það eru uppgangstímar í frjórri hugsun í dag sem nýtist inn í vinnu hönnuða. Nú er mikill slagkraftur í hönnun og fólk leitar í menningararfinn. Fólk er að átta sig á því að þarna er ríkidæmi sem við verðum að byggja upp,“ segir Harpa.

Hönnunarsafnið hóf sögu sína sem deild innan Þjóðminjasafnsins árið 1998 en er nú starfrækt í Garðabæ eftir að bæjarfélagið gerði samning við Menntamálaráðuneytið um rekstur safnsins. Í vor fór fram samkeppni um nýtt húsnæði fyrir safnið en byggingu hússins hefur verið frestað í bili. Safnið er með aðstöðu á Lyngási í Garða-

bæ og með sýningarsal á Garðatorgi. „Auðvitað er mikilvægt að fá húsnæði fyrir svona safn svo það nái að vaxa og fái rétta mynd í hugum fólks en við bíðum bara. Safninu er ætlað að safna munum úr íslenskrri hönnunarsögu frá árinu 1900 og til dagsins í dag en Þjóðminjasafnið geymir safn eldri muna. Nú erum við að vinna að því að miðla okkar safneign. Með nýju húsi verður það leikur einn en það felst líka í að miðla á rafrænan hátt og það verður eitt af verkefnum á nýju ári að gera safneignina aðgengilega á netinu.“

Hönnunarsafn Íslands er mennta- og menningarstofnun og beinir sjónum sínum inn á skólasviðið og til ferðamanna gegnum sýningar og fræðslu. Safnið er í samstarfi við aðrar menningarstofnanir og söfn, meðal annars Hönnunarmiðstöð Íslands sem sett

var á fót á þessu ári og er gott dæmi um þann aukna slagkraft sem er kominn í kynningarmál á íslenskrri hönnun. Harpa segir íslenska hönnun einnig hafa tekið kipp eftir að Listaháskóli Íslands tók að útskrifa hönnuði fyrir nokkrum árum.

„Þetta helst allt í hendur. Það að við bjóðum upp á háskólanám í hönnun hefur mikið að segja fyrir okkar sögu og það er partur af þessari aukningu sem við verðum vör við í dag. Bæði Iðnskólinn í Hafnarfirði og Tækniskólinn búa nemendur vel undir háskólanám og með því að undirbyggja búum við til jarðveg fyrir íslenska hönnun og hugvit. Þannig stuðlum við að því að öðlast sérstöðu og mótum okkar hönnunarsögu sem safnið síðan heldur utan um. Fámennið er okkar sérstaða.“

heida@frettabladid.is

## Ein og hálf milljón króna til Fjölskylduhjálpar

Starfsmannafélag Lyfja og heilsu færði Fjölskylduhjálpar Íslands eina og hálf milljón króna fyrir skómmu.

Starfsfólkið óskaði þess að láta andvirði jólagjafa sinna renna til góðgerðamála. Með kosningu var svo tekin ákvörðun um að Fjölskylduhjálpin yrði fyrir valinu.


„Við erum alveg svakalega ánægð með þetta,“ segir Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands. Hún segir að peningarnir eigi eftir að koma í góðar þarfir, enda séu erfiðir mánuðir fram undan.



BEIÐI EFTIR MAT Starfsfólk Lyfja og heilsu gáfu Fjölskylduhjálpar Íslands andvirði jólagjafa sinna.

- hhs





# Áramóta annáll Markaðarins

Kemur út 30. desember

## Meðal efnis í blaðinu:

- ★ Innlendir og erlendir viðskiptaannáll.
- ★ Viðskiptamaður ársins valinn og ítarlegt viðtal við hann birt í blaðinu.
- ★ Bestu og verstu viðskiptin á árinu.
- ★ Greinar frá forkólfum viðskiptalífsins. Árið gert upp og horft fram á veginn.



## Auglýsendur athugið!

Tryggið ykkur auglýsingapláss í tíma. Nánari upplýsingar veitir Örn Geirsson, netfang: [orn@frettabladid.is](mailto:orn@frettabladid.is), sími: 512 5448.



FRÉTTABLAÐIÐ



# Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Fréttablaðið stendur upp úr  
Höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Capacent ág-ókt 08

Notaðu mest lesna blað landsins  
til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina  
Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband  
í síma 512 5448 | orn.geirsson@365.is

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

FRÉTTABLAÐIÐ



## Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

### Sumarljós

Jón Kalman Stefánsson  
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson  
Hjörtun slá hraðar...  
sun. 28/12 örfá sæti laus  
lau. 3/1 örfá sæti laus  
sun. 4/1 örfá sæti laus

### Hart í bak

Jökull Jakobsson  
Hrífandi verk sem snertir okkur öll.  
★★★★ EB, FBL  
fös. 2/1 örfá sæti laus  
fös. 9/1 örfá sæti laus

### Klókur ertu, Einar Áskell

Bernd Ogródnik  
Krúttleg brúðusýning  
fyrir yngstu börnin  
sun. 4/1 tvær sýningar



### Þjóðleikhúsið

þakkar fyrir samfylgdina  
á árinu og óskar lands-  
mönnum gleði og friðar  
á nýju ári.



GLEÐILEGA HÁTÍÐ

„...fyrst á [visir.is](http://visir.is)“



[visir.is](http://visir.is)

...ég sá það á [visir.is](http://visir.is)



**NOKKUR ORÐ**  
**Þórunn**  
**Elísabet**  
**Bogadóttir**

## Litlu hverfisbúðirnar

Á Þorláksmessu neyddist ég til þess að fara í Kringluna, aldrei hefði ég farið ef ég hefði komist hjá því. Fyrir heimsóknir í svona stórar verslunarmiðstöðvar þarf helst að vera mjög vel úthvöldur og í góðu skapi, sérstaklega á degi eins og Þorláksmessu. Það þarf ekki einu sinni verslunarkjarna til, heldur er nóg að fara inn í stórar búðir, hvort sem þær standa einar eða með fullt af öðrum búðum. Þessar risastóru búðir sem nú eru til eru kannski ágætær til síns brúks, en eftir ákveðið langan tíma inni í þeim langar mig bara til þess að fara heim og hreinlega leggja mig. Þjórtu neonljósin og stóru gangarnir og allt fólkið hafa

þessi áhrif á mig nema ég sé alveg sérstaklega vel fyrir kölluð. Það er meðal annars þess vegna sem litlar hverfisbúðir heilla mig mikið. Það er svo sjarmerandi að geta rölt út á næsta horn og keypt það sem vantar, í venjulegri birtu og litlum og þröngum göngum. Þessar búðir virðast líka margar hverjar hafa alveg sama vörurvalið og þær sem eru tíu sinnum stærri. Búðir eins og Kjötborg, Melabúðin og Pétursbúð eru eiginlega ómetanlegar og þess vegna voru það miklar sorgarfréttir þegar Þingholt í miðbænum neyddist til að hætta. Það ætti eiginlega að vera áramótaheiti að standa vörð um kaupmanninn á næsta horni.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





> **GORILLAZ VINSÆLUST**

Hljómsveitin **Gorillaz** var vinsælust allra flytjenda á Myspace-síðunni í Bretlandi á árinu sem er að líða. Í öðru sæti var hljómsveitin **Bullet For My Valentine**. Á meðal annarra sem komust ofarlega á listann voru **Coldplay**, **Oasis** og **Lily Allen**. Vinsælasta myndband ársins á Myspace var **4 Minutes** með **Madonna**. Myndbandið við lag **Sigur Rósar**, **Inní** mér syngur vitleysingur, náði sjöunda sætinu.

**fólk**  
folk@frettabladid.is



# Tekjuhæsta mynd Bretlands

Söngvamyndin **Mamma Mia!** er orðin tekjuhæsta mynd allra tíma í Bretlandi með 69 milljónir punda í aðsóknar-tekjur. Þar með hefur hún slegið við hinni gríðarvinsælu **Titanic** sem hafði setið í tíu ár á toppnum.

Þegar myndin kom út fyrir 23 vikum fékk hún blendnar viðtökur en það dró ekkert úr aðsókninni. Hefur það hjálpað til að konur yfir fertugt hafa hópast á myndina, sem er aldurshópur sem hingað til hefur ekki verið duglegastur við að fara í bíó. Hafa verið sögusagnir uppi um að sumir áhorfendur hafi farið allt að tíu sinnum að sjá **Mamma Mia!**

„Myndin hefur farið fram úr öllum okkar væntingum og áhorfendur um allan heim hafa hrifist af henni síðan hún var frumsýnd í júlí,“ sagði **David Kosse**, forseti **Universal Pictures**. „Þetta aðsóknarmet er tileinkað framleiðandanum **Judy Craymer**, leikstjóranum **Phyllidu Lloyd** og okkar frábæra leikaraliði sem hefur lagt svo mikið á sig.“

Auk **Bretlands** hefur myndin verið sú vinsælasta á árinu í löndum á borð við **Ástralíu**, **Suður-Afríku**, **Slóveníu** og **auðvitað á Íslandi**.



**MAMMA MIA!** Söngvamyndin er orðin vinsælasta bíómyndin í sögu Bretlands



**OWEN WILSON OG KATE HUDSON** Hættu saman í annað sinn á árinu sem er að líða. Kate byrjaði líka og hætti með **Lance Armstrong**.



**GUY RITCHIE OG MADONNA** Skildu í október eftir næstum átta ára hjónaband.



**HEFNER OG KÆRUSTURNAR** Kendra Wilkinson, Bridget Marquardt og Holly Madison hættu allar með **Hugh Hefner** á árinu.



**NICOLLETTE SHERIDAN OG MICHAEL BOLTON** Hættu saman í annað skiptið á árinu.



**SIENNA MILLER OG RHYS IFANS** Eftir að Sienna og Rhys hættu saman fór hún að vera með giftum leikara og Ifans ráfaði drukkinn um götur **London**.

## Ástin er blind í Hollywood

Ástarlíf **Hollywood-búa** er flókið og oft og tíðum skammvinnnt. Fréttablaðið fann nokkur, af mjög mörgum, dæmum um ný sambönd og skilnaði sem áttu sér stað á árinu.

Stærsti skilnaðurinn í **Hollywood** þetta árið var skilnaður **Madonna** við **Guy Ritchie**. Slúðurblöðin höfðu spáð skilnaðinum í marga mánuði en í október tilkynntu þau að þau væru að skilja. Nokkru síðar höfðu þau samið um skilnaðinn og ákváðu að eyða jólnum saman með börnum sínum.

Leiðir skildi hjá **Playboy-kónginum** **Hugh Hefner** og **Holly Madison** á síðasta ári. Það var **Holly** sem batt enda á sambandið vegna þess að hinn 82 ára gamli kærasti hennar gat ekki eignast með henni börn. Hinar tvær kærustur **Hefners**, **Kendra Wilkinson** og **Bridget**

**Marquardt**, fylgdu í kjölfarið og fluttu burt úr **Playboy-höllinni**.

Árið var viðburðaríkt hjá **Kate Hudson**. Hún byrjaði með **Owen Wilson** í annað sinn, en þau hættu saman árið 2007. Þau byrjuðu aftur saman á árinu og hættu saman stuttu síðar. **Kate** fór þá að hitta hjólréiðakappann **Lance Armstrong**, en þau hættu líka saman. **Notebook**-parið **Ryan Gosling** og **Rachel McAdams** ákváðu líka að byrja aftur saman á þessu ári, en hættu fljótlega saman á ný. **Niccollette Sheridan** úr **Aðþrengdum** eiginum, og söngvarinn **Michael Bolton** hættu líka saman í annað skiptið á þessu ári, eftir nokkur ár saman.

**Paris Hilton** kom flestum á óvart með sambandi sínu við rokkanann **Benji Madden** úr hljómsveitinni **Good Charlotte**. Þau entust saman í tíu mánuði en hættu saman á haustmánuðum. **George Clooney** kom fólk líka á óvart á síðasta ári þegar hann var kominn með kærustu upp

á arminn. Hann hætti þó með henni á þessu ári.

Fyrrum **X-files** stjarnan **David Duchovny** tilkynnti á árinu að hann væri haldinn kynlífsfíkn. Nokkru síðar tilkynnti hann um skilnað sinn við **Teu Leoni**.

Mikið hefur verið spáð í samband **Lindsay Lohan** og **Samönthu Ronson**. Þær virðast hafa verið óaðskiljanlegar allt þetta ár, en hafa aldrei opinberlega viðurkennt samband sitt.

**Sienna Miller** hætti með **Rhys Ifans** á þessu ári og fór að vera með gifta leikaranum **Baltazar Getty**. Þau hættu þó saman en byrjuðu aftur



**CLOONEY** Er orðinn einn á nýjan leik eftir að hafa hætt með fyrrum gengilbeinunni **Sóruh Larson**.



**LINDSAY LOHAN OG SAMANTHA RONSON** Voru líklega óvæntasta parið sem dúkkaði upp í **Hollywood** í ár.

## Frægustu nýburar ársins

**Hollywood-búar** voru duglegir við að fjölga mannkyninu á árinu sem er að líða og mjög barnanna fengu heldur óvenjuleg nöfn.

**Nicole Richie** eignaðist stúlkuuna **Harlow Winter Kate** 11. janúar og degi síðar fæddi **Christina Aguilera** soninn **Max Liron**. Áströlsku leikkonurnar **Nicole Kidman**, **Cate Blanchett** og **Naomi Watts** eignuðust allar börn á árinu og gáfu þeim nöfnin **Sunday Rose**, **Ignatius Martin** og **Samuel Kai**. **Nahla Ariela** er fyrsta barn **Halle Berry**, og kom í heiminn í mars.

**Jennifer Lopez** og **Marc Anthony** eignuðust tvíbura, strákinn **Max** og stelpuna **Emme**, 22. febrúar. Tvíbúarnir féllu þó fljótt í skuggann á frægustu nýburum

ársins, tvíbúrum **Angelínu Jolie** og **Brads Pitt**. Tvíbúarnir **Knox Leon** og **Vivienne Marcheline** juku barnafjöldann í þessari frægustu fjölskyldu heims í sex börn.

**Maddie Briann** er svo dóttir **Jamie Lynn Spears**, 17 ára systur **Britney Spears**, sem fæddist í júní. Í júní fæddi **Jessica Alba** sitt fyrsta barn, dótturina **Honor Marie**. **Matt Damon** og konan hans **Luciana** eignuðust stúlkuna **Giu Zavala**, **Gwen Stefani** og **Gavin Rossdale** eignuðust soninn **Zuma Nesta Rock** og **Minnie Driver** eignaðist soninn **Henry Story**.

**JENNIFER LOPEZ OG MARC ANTHONY** Eignuðust tvíbura **Emme** og **Max** í febrúar.



## Fáskrúðsfirðingar

Hin árlega jólatrésskemmtun **Fáskrúðsfirðingafélagsins** verður haldin sunnudagin 28. des kl 15:00 í félagsheimilinu **Seltjarnarnesi**.

Látið vini og nærsveitunga vita.

*Kær jólakveðja.*



Láttu YES MAN koma þér og þínum í jólasþap, segðu já við  
**JÓLAGRÍNMYNDINI Í ÁR**  
**JIM CARREY**

JIM CARREY ER HREINT STÓRKOSTLEGUR Í SINNI  
BESTU GRÍNMYND SÍÐAN DUMB AND DUMBER

**YES MAN**

Já er svarið

**gleðileg bíójól**

SÚPER AÐDÁANDI SÚPER STJARNAN SÚPER KALDRÆÐIN

**BÓLTI**

sýnd með íslensku og ensku tali

**SAMBÍÐN ALFABAKKA**

YES MAN	kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 8:20 - 10:20D - 10:40	7
YES MAN	kl. 12 - 3:40 - 6 - 8:20 - 10:40	7
BOLTI 3-D m/vsl.tali	kl. 12(30) - 2(30) - 4(30) - 6(30)	L
CITY OF EMBER	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40	7
TWILIGHT	kl. 5:50 - 8 - 10:40	12
MADAGASCAR 2 m/vsl.tali	kl. 12 - 2 - 4	L
MADAGASCAR 2 m/Ensku.tali	kl. 6	L
BODY OF LIES	kl. 8:10 - 10:40	16
HIGH SCHOOL MUSICAL 3	kl. 3:40	L
GEIMAPARNIR m/vsl.tali	kl. 12 - 2	L

SPARBIÓ kr. 550 á myndir merktar með appelsingulu.  
kr. 850 á digital 3D myndir, merktar með grænu

**SAMBÍÐN KRINGLUNNI**

YES MAN	kl. 2 - 4:10 - 6:20 - 8 - 8:30 - 10:20 - 10:50	7
BOLT 3-D m/vsl.tali	kl. 2 - 4	L
BOLT 3-D m/Ensku.tali	kl. 6	L
CITY OF EMBER	kl. 6	7
MADAGASCAR 2 m/vsl.tali	kl. 2 - 4	L
TWILIGHT	kl. 8	12
W	kl. 10:20	12

**SAMBÍÐN SELFOSS**

BOLTI m/vsl.tali	kl. 12 - 2 - 4 - 6	L
YES MAN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	7
MADAGASCAR 2 m/vsl.tali	kl. 12 - 2 - 4	L
DAY THE EARTH STOOD	kl. 8 - 10:20	12

**SAMBÍÐN KEFLAVÍK**

BOLT m/vsl.tali	kl. 12 - 2 - 4 - 6	L
YES MAN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	7
APPALOOSA	kl. 10:20	16
ZACK AND MIRI MAKE A PORN	kl. 8	16
MADAGASCAR 2 m/vsl.tali	kl. 12 - 2 - 4	L

**SAMBÍÐN AKUREYRI**

BOLT m/vsl.tali	kl. 2 - 4 - 6	L
YES MEN	kl. 6 - 8 - 10	7
MADAGASCAR 2 m/vsl.tali	kl. 2 - 4	L
CITY OF EMBER	kl. 8	7
TWILIGHT	kl. 10	16

**SÝNINGARTÍMARNIR GILDA 26., 27. OG 28. DESEMBER**

# Segir týnda Bítla- lagið mjög skrítið

Sir Paul McCartney segir að hið „týnda“ Bítla-lag Carnival of Light sé ekkert í líkingu við hið vinsæla Strawberry Fields Forever og því megi aðdáendur sveitarinnar ekki gera sér of miklar vonir.

Lagið var tekið upp árið 1967 og er afar tilraunakennt, enda er það heilar fjórtán mínútur að lengd. Það hefur aldrei verið gefið út opinberlega og hefur fyrir vikið orðið æ goðsagnakenndara á meðal hördustu Bítlaaðdáenda.

McCartney var nýverið spurður út í lagið af konu sem starfar í skóla dóttur hans. „Ég sagði við hana: „Þú myndir ekki hafa gaman að því“. Fólk heldur að þetta sé nýtt Strawberry Fields en þetta er miklu skrítnara. Ég fíla það en það hafa ekki allir smekk fyrir því,“ sagði hann.

McCartney gaf nýverið út dansplötuna Electric Arguments undir nafninu The Fireman. Hann segir að upptöku hafi staðið yfir í aðeins tvær vikur. „Það var frábært að taka hana upp. Við sömdu hana bara jafnóðum. Við fórum inn í hljóðverið með engin lög til-

búin, enga texta, ekki neitt. Síðar sama dag var heilt lag tilbúið,“ sagði hann. „Það var virkilega gaman að vinna svona hratt. Við tókum upp um þrettán lög á þrettán dögum. Það var enginn tími til að hugsa, sem var bara gaman.“



PAUL MCCARTNEY Bítillinn fyrrverandi segir að Carnival of Light sé ekkert í líkingu við Strawberry Fields Forever.

# Trommari U2 ósáttur við Bono

Larry Mullen Jr., trommari U2, er ósáttur við að söngvarinn Bono sé sífellt að koma sér í mjúkinn hjá ráðamönnum heims. „Tony Blair er stríðsglæpamaður og mér finnst að það ætti að rétta yfir honum sem slíkum. Svo eru hann og Bono bara félagar og ég get ekki sagt að ég sé sáttur við það,“ segir trommarinn í viðtali við Q. Hann segist jafnframt telja George Bush stríðsglæpamann. Munurinn á honum og Blair sé þó að Blair sé gáfaður og hafi því enga afsökun fyrir gerðum sínum.

Mullen yngri viðurkennir að Bono gangi gott eitt til, hann noti frægð sína til að styðja góðan málstað, jafnvel þótt það komi niður á honum sjálfum og fjölskyldunni. „En þegar ég horfi á þetta utan frá, þá fæ ég í magann.“



BONO Í HVÍTA HÚSINU Trommari U2 er ósáttur við að Bono stundi svona heimsóknir.

# Gott grúv og gaman

Týndi sauðurinn er önnur sóló-plata Skagamannsins Geirs Harðar, sem mun ekki vera skyldur sveitunga sínum Orra Harðar þrátt fyrir nánast óyggjandi vísbendingar um hið gagnstæða (eftirnafnið, heimabærinn, sláandi líkindi og svo mætti lengi telja.) Fjögur ár eru liðin frá útgáfu fyrri skífunnar, Landnáms, og hefur Geir bætt sig á nánast öllum sviðum tónlistarinnar síðan.

Geir yrði líklega síðasti maðurinn til að lýsa sjálfum sér sem góðum söngvara, og fer á stundum hressilega út af sporinu þannig að sviður í viðkvæm tóneyru. Oftar er rödd Geirs þó sjarmerandi kærleysis- og heimilisleg og hentar lagasmíðunum vel (minnir jafnvel á beitingu Bubba á Ísbjarnarblúsnum, sérstaklega í lögnum Aftinn og Sunna).

Gítarleikur Ragnars Emilssonar er gegnumgangandi þræl-skemmtilegur og rímar afsýrnur vel við lúppuforritun og áslátt Huldars Freys, sem einnig sér um útsetningar og upptökustjórn. Saman tekst þeim að skapa notalegt grúv og sánd sem minnir um margt á hinn sænsk/ameríska Beck á góðum degi.

Lagasmíðarnar eru margar hverjar fínar, til dæmis hið frábæra Klettablóm, Bída og Syndarar. Nokkur lög skortir þó sterkari laglínu, eða húkk í viðlögunum. Í



## TÓNLIST

### Týndi sauðurinn

Geir Harðar

★★★

Skemmtilega grúvandi plata sem angar af kærleysis og spilageði.

raun er Geir bestur þegar hann er á örlítið rólegri og persónulegri nútunum, en fátíður töfvaraskapur í söng og texta fer oft og tíðum fyrir ofan garð og neðan (til dæmis í Ljósádraumum).

Þrátt fyrir ofanefnda vankanta er afar erfitt að hrífast ekki af Týnda sauðnum. Það sem Geir vantar upp á í fagmennsku bætir hann rækilega upp með einlægni og spilageði. Er þar hálfur sigurinn unninn og vel rúmlega það.

Kjartan Guðmundsson

**GLEÐILEG JÓL!**

**AUSTRALIA**

STÓRKOSTLEGT EÞSKT MEISTARAVEK EFTIR LEIKSTJÓRA MOULIN ROUGE

**NÝTT Í BÍÓ!**

**SKOPPA OG SKRÍTTLA Í BÍÓ**

**GLEÐILEG JÓL!**

**INKHEART**

BRÁÐSKEMMTILEG MYND ÞAR SEM HEIMUR GALDRA OG ÆVINTÝRA LIENAR VIÐ

**THE DAY THE EARTH STOOD STILL**

**FOUR CHRISTMASSES**

**TAKEN**

HÖRKUSPENNANDI MYND ÚR SMÍÐJU LUC BESSON

**QUANTUM OF SOLACE**

**IGOR**

**ZACK AND MIRI MAKE A PORNO**

**REYKJAVÍK-ROTTERDAM**

**SAW 5**

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

AUSTRALIA D	kl. 4:30 - 8	12
AUSTRALIA LÚXUS D	kl. 1 - 4:30 - 8	12
SKOPPA OG SKRÍTTLA Í BÍÓ D	kl. 1 - 2:30 - 4 - 5:30	L
INKHEART	kl. 1 - 3:20 - 5:40	10
THE DAY THE EARTH STOOD STILL D	kl. 8 - 10:20	12
FOUR CHRISTMASSES	kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10	7
IGOR	kl. 1	L
QUANTUM OF SOLACE	kl. 8 - 10:30	12

**REGNBÓGINN** Sími 551 9000

**ÓDÝRT Í BÍÓ! 650 kr.**

AUSTRALIA	kl. 3 - 6:30 - 10	12
THE DAY THE EARTH STOOD STILL	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	16
ZACK AND MIRI MAKE A PORNO	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	16
QUANTUM OF SOLACE	kl. 3 - 5:30 - 8	12
SAW 5	kl. 10:20	16

**HÁSKÓLA BÍÓ** Sími 530 1919

AUSTRALIA	kl. 5:30 - 9	16
SKOPPA OG SKRÍTTLA Í BÍÓ	kl. 2:30 - 4	L
INKHEART	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	10
TAKEN	kl. 8 - 10	16
THE DAY THE EARTH STOOD STILL	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
FOUR CHRISTMASSES	kl. 4 - 6	7
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 3:20	14

**BORGAR BÍÓ** Sími 462 3500

SKOPPA OG SKRÍTTLA Í BÍÓ*	kl. 3:30 - 4:45	L
INKHEART**	kl. 6 - 8	10
AUSTRALIA	kl. 6 - 9	12
THE DAY THE EARTH STOOD STILL	kl. 10	7
FOUR CHRISTMASSES	kl. 4	
	* 27. - 28. 500-	
	** 27. - 28.	
	kl. 2 - 3:30 - 4:45	
	kl. 2 - 6 - 8	

**SÝNINGARTÍMARNIR GILDA FRÁ 26. DESEMBER - TIL OG MEÐ 30. DESEMBER**

**NÝTT Í BÍÓ**

**INKHEART**

**LAUGARÁS BÍÓ** Sími: 553 2075

**GLEÐILEG JÓL**

**BÓLTI**

**TAKEN**

HÖRKUSPENNANDI MYND ÚR SMÍÐJU LUC BESSON

**SKOPPA OG SKRÍTTLA**

**TAKEN**

**FOUR CHRISTMASSES**

**LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

BOLT 3D - Íslenskt tal	kl. 2(800 kr), 4 og 6	L
INKHEART	kl. 2(500 kr), 4, 6, 8 og 10	10
SKOPPA OG SKRÍTTLA	kl. 2(700 kr) og 4	L
TAKEN	kl. 6, 8 og 10	16
FOUR CHRISTMASSES	kl. 8 og 10	7

**Tilboð í bíói! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!**





HULUNNI SVIPT AF FRÍÐARKÚLUNNI Bogi barðist við rokið þegar kúlan var afhjúpuð. MYND/BERGLIND BJÖRK HALLDÓRSÓTTIR

# Það eiga allir friðarkúluna

Bogi Jónsson vígði Friðarkúluna sína í hávaðaroki mánudaginn fyrir jól. Friðarkúluna tileinkar hann almættinu, hvaða nafni sem það nefnist.

„Ég var nú bara að spá hvort almættinu litist ekkert á þetta hjá mér fyrst veðrið var svona svakalegt,“ segir Bogi. „Svo hugsaði ég að almættið væri bara að gera þetta svona erfitt til að sjá hverjir leggðu þetta á sig í þessu veðri. Maður reynir alltaf að afsaka þetta einhvern veginn.“

Um þrjátíu manns voru viðstaddir þegar Bogi vígði kúluna, en með henni vill hann leggja sandkorn á vogarskálur friðar í heiminum. Á kúlunni eru raufar sem leggja má óskir sínar inn í með bréffssneplum. „Ég tók forskot á kúluna klukkan fjögur á vígsludaginn og það um betra veður. Þá var veðrið alveg galið. Svo stytta upp á milli klukkan sjö og átta þó að það væri ennþá rok.“

Svona sér maður að það er ekki hægt að fara fram á of mikið í einu.

Kúlan stendur við burstabæ Boga í Hlíði á Álftanesi, við hliðina á miklum vatnabuffaló. Kúlan er svar Boga við friðarsúlu Yókóar Ono. Þarna mun kúlan standa handa öllum sem vilja nota hana. „Það er alltaf bíll og bíll að kíkja hingað og fólk að skoða kúluna og svo verður hún bara hérna. Það eiga allir friðarkúluna,“ segir Bogi.

drgunni@frettabladid.is



TRÚARTÁKN PRÝÐA FRÍÐARKÚLUNA Tákni nokkurra fulltrúa almættisins prýða Friðarkúluna, en hún er líka ætluð þeim sem trúa ekki á neitt almætti.



VATNABUFFALÓINN GÆTIR KÚLUNNAR Áhugasamir gestir skoða verk Boga.

## Vill ekki leika í Batman-mynd

Breska blaðið The Sun tilkynnti lesendum sínum á dögunum að Eddie Murphy yrði skúrur í þriðju Batman-myndinni. Hann myndi leika Gátumanninn eða The Riddler. The Sun uppljóstraði jafnframt að Chris Nolan hygðist, því miður, dusta rykið af hinum ópolandi Robin og hefði fengið ungstirnið Shia LaBeouf til að endurtaka hörmungar Chris O'Donnell frá því um árið.

Flestir hefðu búist við því að Eddie Murphy myndi rífa upp tólið og bjóðast til að leika frítt í myndinni til að rétta feril sinn af. En nei, talsmaður Eddie gaf út yfirlýsingu, þar sem hann sagði þetta fátallegan orðróm og að Eddie væri ekki að fara að leika Gátumanninn.

Hann ætli sér að halda áfram að leika í ófýndum kvikmyndum á næstunni.

# Ricky kynnir Golden Globe

Ricky Gervais verður kynnir á hinum árlegu Golden Globe-verðlaunum sem fram fara í byrjun næsta árs. Gervais kom til greina sem kynnir á Óskarsverðlaunum en þurfti að horfa á eftir því hlutverki til hins ástralska Hughs Jackman.

Golden Globe er öllu afslappaðri verðlaunahátíð en Óskarinn og því mun hárbeittur húmor breska grínistans fá að njóta sín til fulls. Sjálfur hefur hann ágæta reynslu af Gullhnettinum en hann hlaut tvenn verðlaun árið 2004. „Sú hátíð er mér enn ofarlega í huga og er án nokkurs vafa einn af hápunktum míns ferils,“ sagði Gervais við BBC þegar þetta hafði verið tilkynnt. Verðlaunin hlaut Gervais fyrir þætti sína The Office og Extra en þeir eru einu bresku gamanþættirnir sem farið hafa með sigur af hólmi á Golden Globe.

Meðal þeirra sem afhenda verðlaun má nefna Glen Close og Jake Gyllenhaal en hátíðin fer fram á Hilton-hótelinu í Beverly Hills 11. janúar.

KYNNIR GOLDEN GLOBE Ricky Gervais kynnir Golden Globe-verðlaunin en hann hlaut sjálfur tvo gullhnetti árið 2004.



**SparBíó** laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓIN

<b>BOLT</b> m/visi tali kl. 12 í Alfabakka (sýnd í þrívídd kr 850) kl. 2 í Kringlunni (sýnd í þrívídd kr 850) kl. 12 á Selfossi og í Keflavík og kl. 2 á Akureyri (kr 550.)	<b>MADAGASCAR 2</b> m/visi tali kl. 12 í Alfabakka, Selfossi og í Keflavík. kl. 2 í Kringlunni og á Ak.	<b>YES MAN</b> kl. 1.30 í Alfabakka kl. 2 í Kringlunni	<b>CITY OF EMBER</b> kl. 1.30 í Alfabakka	<b>GEIMPARNIR</b> 3 kl. 12 í Alfabakka
--	---	--	--	---

Sími: 553 2075 - bara lúxus Ódýrt í bíó

<b>LINKHEART</b> ATH. 500 KR.	<b>BOLTA</b> ATH. 800 KR.	<b>Skemmti Skritla í bíó</b> ATH. 700 KR.
----------------------------------	------------------------------	--

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

# Jólaball

## Rafiðnaðarsambandsins 2008

verður haldið í Gullhömrum Þjóðhildarstíg 2, 113 Reykjavík þriðjudaginn 30. desember kl. 15-18

### Veitingar Jólasveinar Hljómsveit

verð: kr. 1.000.- fyrir fullorðna og kr. 400 fyrir börn

Aðgöngumiðar á skrifstofu RSÍ Sala hefst 18. desember

**"Glæsilegt undir áramótadressið!"**

teg. Amethyst - korsilett með push up BH í BC skálum á kr. 9.985,- bandabuxur í stíl á kr. 2.990,-

teg. Amethyst - hlýralaus push up BH í BCD skálum á kr. 6.990,- sokkaband í stíl í S,M,L,XL á kr. 3.550,-

**Misty.is**  
Laugavegi 178 • Sími: 551-3366  
Opíð: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf



## > Logi skoraði 11 mörk fyrir Lemgo

Logi Geirsson fór á kostum og skoraði 11 mörk í 33-27 tapi Lemgo gegn Melsungen í efstu deild þýska handboltans í gær en Vignir Svavarsson skoraði 2 mörk fyrir Lemgo. Gylfi Gylfason skoraði 5 mörk og Ingimundur Ingimundarson 1 í 23-27 tapi Minden gegn Nordhorn og Róbert Gunnarsson skoraði 3 mörk þegar Gummersbach tapaði 23-27 fyrir Göppingen. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 5 mörk í 27-31 sigri Rhein-Neckar Löwen í Íslendingaslag gegn Grosswallstadt en Einar Hólmgeirsson skoraði 3 mörk fyrir Grosswallstadt. Þá unnu Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Kiel sinn sautjándi leik í röð í deildinni, 25-33 gegn Dormagen.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## N1 DEILDARBIKAR KVENNA Í HANDBOLTA: HAUKAR UNNU FRAM OG STJARNAN LAGÐI VAL AÐ VELLI

# Haukar og Stjarnan mætast í úrslitaleiknum

Fram hafði yfirhöndina gegn Haukum framan af leik og komst fljótt í 1-6 en Haukarnir komu til baka og staðan var orðin jöfn, 15-15, þegar flautað var til hálfleiks. Fram byrjaði seinni hálfleikinn einnig betur en Haukarnir sýndu mikla seiglu og neituðu að gefast upp. Haukarnir sigu fram úr á lokakafli leiksins og unnu að lokum, 32-30. „Ég verð nú að viðurkenna að þetta var stolið. Framstelpur spiluðu miklu betur en við í leiknum og við vorum alls ekki að finna okkur, hvorki varnarlega né sóknarlega, fyrr en bara rétt aðeins í lok leiksins. Við getum ekki leyft okkur að spila aftur svona leik ef við ætlum að vinna leiki. Það sýnir þó vissulega karakterinn í liðinu að hafa aldrei gefist upp og náð að vinna að lokum. Við stefnum að sjálfsögðu á að vinna úrslitaleikinn og það sem mikilvægast er, að spila betur,“ segir Hanna Guðrún Stefánsdóttir hjá Haukum. Hún dró vagninn að vanda fyrir Hafnarfjarðarliðið og skoraði 10 mörk en stórskyttan Ramune Pekarskyte kom næst með 9 mörk.

Hjá Fram var Stella Sigurðardóttir allt í öllu og skoraði 14 mörk. Valur hreinlega keyrði yfir Stjörnuna í fyrri hálfleik í gær en staðan var 9-14 í hálfleik og engu líkara en að Stjörnustúlkur væru eitthvað ryðgaðar eftir að þremur leikjum þeirra var frestað fyrir jól vegna þátttöku markvarðarins Florentina Stanciu á EM með landsliði Rúmeníu. Stjörnustúlkur náðu þó áttum í seinni hálfleik og Florentina átti sannkallaðan stórleik og lagði grunninn að 25-24 sigri Stjörnunnar með 33 skotum vörðum. „Það er mjög gott að vera komin til baka. Vörnir var frábær og mér gekk að sama skapi vel að verja og við spiluðum góðan handbolta. Við verðum bara að halda áfram á sömu braut og vinna úrslitaleikinn,“ segir Florentina. Alina Petrache var markahæst hjá Stjörnuni með 7 mörk en Hrafnhildur Skúladóttir var atkvæðamest hjá Val með 8 mörk og Berglind Íris Hansdóttir varði 21 skot í markinu.



## ÚRSLIT

### N1-deildarvikar kvenna

Haukar-Fram 32-30 (15-15)  
**Mörk Hauka (skot):** Hanna Stefánsd. 10/3(14/3) Ramune Pekarskyte 9 (14), Nina Arnfinnsd. 3 (4), Hekla Hannesd. 3 (8), Erna Þránsd. 2 (4), Ester Óskarsd. 2 (5), Nina Arnfinnsd. 2 (6), Herdis Halld. 1 (1).  
**Varin skot:** Bryndis Jónsdóttir 6 (23/2, 26%), Heiða Ingólfssdóttir 4/1 (17/2, 24%).  
**Mörk Fram (skot):** Stella Sigurðard. 14/3 (24/3), Sigurbjörg Jón. 6 (9/1), Þórey Stef. 3 (3), Elísa Viðarsd. 2 (2), Marthe Sörðal 2 (3), Ásta Gunnarsd. 2(5), Anna Friðriksd. 1(2), Arna Einar. 0 (1)  
**Varin skot:** Karen Einarisdóttir 9 (23/2, 39%), Sunneva Einarisdóttir 6 (24/1, 25%).  
Stjarnan-Valur 25-24 (9-14)  
**Mörk Stjörnunnar (skot):** Alina Petrache 7/3 (17/4), Þorgerður Atlad. 5 (10), Elísabet Gunnarsd. 4 (6), Harpa Eyjólfssd. 4 (13), Kristín Clausen 3 (3), Sólveig Kjærnested 2 (3).  
**Varin skot:** Florentina Stanciu 33/2 (57/6, 58%).  
**Mörk Vals (skot):** Hrafnhildur Skúlad. 8/4 (13/5) Kristín Guðmundsd. 5 (13/1), Guðrún Hólmgeirsd. 4 (7), Dagný Skúlad. 3 (6), Hildigunnur Einar. 2 (5), Soffía Gíslad. 1(1), Berglind Hansd. 1 (2), Íris Pétursd. 0 (2).  
**Varin skot:** Berglind Hansdóttir 21/1(46/4, 46%)

### N1-deildarvikar karla

Fram-HK 31-26 (15-12)  
**Markahæstir hjá Fram:** Björn Guðmundsson 7, Rúnar Kárasón 7, Halldór Sigfússon 6/2.  
**Varin skot:** Magnús Erlendsson 24  
**Markahæstir hjá HK:** Valdimar Þórsson 9/3, Ásbjörn Stefánsson 5, Gunnar Jónsson 4.  
**Varin skot:** Björn Friðbjósson 15  
Valur-Haukar 25-26 (13-11)  
**Markahæstir hjá Val:** Arnór Gunnarsson 10/3, Elvar Friðriksd. 6/1, Hjalti Gylfason 3.  
**Varin skot:** Ólafur Gíslason 12/2  
**Markahæstir hjá Haukum:** Sigurbjörg Sveinsson 6/3, Arnar Agnarsson 6, Andri Stefan 5, Kári Kristjánsson 4.  
**Varin skot:** Birkir Guðmundsson 17

# Sömu lið í úrslitunum og í fyrra

Fram vann HK og Haukar lögðu Val í N1-deildarvikar karla í gær og því er ljóst að Fram og Haukar leika til úrslita í dag. Liðin mættust einnig í fyrra þegar mistök tímavarda höfðu mikil áhrif á úrslit leiksins.

**HANDBOLTI** Fram og Haukar leika til úrslita í N1-deildarvikarunum annað árið í röð eftir sigra á HK og Val í Laugardalshöllinni í gær-dag.

Leikur Fram og HK var jafn lengst af fyrri hálfleiks en Fram átti góðan endaspætt og náði þriggja marka forystu, 15-12, fyrir lok hálfleiksins.

Fram hélt svo áfram þar sem frá var horfið í upphafi síðari hálfleiks og náði fljótt átta marka forystu, 22-14.

Það var ekki fyrr en HK-menn höfðu misst tvo leikmenn útaf með rauð spjöld að þeir fóru að saxa á forskotið sem varð minnst eitt mark, 26-25, en nær komust þeir ekki og Fram landaði að lokum góðum fimm marka sigri.

„Við æfðum ekki mikið í jólafríinu. Við byrjuðum af krafti og svo fór úthaldið að segja til sín. Við tókum hvíld og svo náðum að klára þetta á geðveikinni í lokin,“ sagði Jóhann Gunnar Einarsson, leikmaður Fram.

Jóhann er allur að koma til eftir langvarandi meiðsl í öxl. „Ég var frá í sjö mánuði og hef verið á bekknum og fékk svo fáar mínútur af bekknum á móti Val og Víkingi, ekkert alvöru. Svo þegar maður fær að spila þá kemur tilfinningin aftur og eins og sást í



**BARÁTTA** Framarinn Rúnar Kárasón stuggar við HK-ingnum Valdimar Fannari Þórssyni. Báðir áttu þeir góðan leik fyrir lið sín í gær en það voru Framarar sem fóru með sigur af hölmum og leika til úrslita í dag gegn Haukum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

hraðauppplaupi þar sem við aldrei til greina að gefa boltann. Það er svo langt síðan ég hef skor-

að einhver mörk,“ sagði Jóhann í léttum dúr.

### Góður endaspættur Hauka

Valsmenn voru sterkari aðilinn lengst af í leik Vals og Hauka og þrátt fyrir að eiga mun auðveldara með að finna netmóskvana munaði aldrei miklu á liðunum.

Valsmenn voru tveimur mörkum yfir í hálfleik, 13-11, og enn munaði tveimur mörkum þegar stutt var til leiksloka, 25-23. Haukar skoruðu þrjú síðustu mörk leiksins og tryggðu sér sæti í úrslitum á dramatískan hátt þegar Arnar Jón Agnarsson skoraði sigurmarkið rétt áður en lokaflautið gall.

„Það má með sanni segja að við höfum stolið þessu í kvöld, þeir voru skárrí aðilinn allan leikinn og áttu kannski skilið að vinna þetta en það er ekki alltaf sanngirni í boltanum. Þetta féll okkar megin í lokin,“ sagði Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður Hauka, sem varði vel eftir að hafa verið seinn í gang.

Eitt mark Hauka í úrslitunum í fyrra var ótalið sem hafði mikil áhrif á gang leiksins. „Það var einhver farsí í fyrra en við ætlum ekki að láta neið slíkt ráða úrslitum aftur heldur vinna öruggt,“ sagði Birkir.

- gmi

## Átta leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag: Snýr Torres aftur?

**FÓTBOLTI** Toppbaráttuliðin Liverpool, Chelsea og Arsenal verða öll í eldflunnunni í ensku úrvalsdeildinni í dag.

Liverpool heimsækir meiðslum hrjád lið Newcastle á St James' Park-leikvanginn en José Enrique, Mark Viduka og Habib Beye hafa nýlega bæst á langan meiðslalista en aldrei þessu vant er Michael Owen á meðal þeirra leikmanna sem eru heilir heilsu og getur því mætt sínu gamla félagi. Newcastle tapaði gegn Wigan á annan í júlum en Joe Kinnear og hans menn voru fram að því ekki búnir að tapa í sex leikjum í röð.

Liverpool vann sannfærandi sigur á Bolton á annan í júlum og er taplaust í síðustu átta leikjum sínum í deildinni en þar af er liðið búíð að vinna fjóra leiki og gera fjögur jafntefli. Liverpool mun endurheimta tvo mikilvæga leikmenn úr meiðslum fyrir leikinn gegn Newcastle, þá Fernando Torres og Javier Mascherano, en framherjinn

Torres er þó líklegur til þess að byrja leikinn á varamannabekknunum.

Chelsea komst aftur á sigurbraut gegn WBA á annan í júlum eftir tvö jafntefli í röð þar á undan en Luiz Felipe Scolari ferðast með sína menn á Craven Cottage-leikvanginn þar sem þeir mæta Fulham í Lundúnaslag. Fulham hefur ekki tapað í deildinni síðan 1. nóvember og statar af einni bestu vörninni um þessar mundir og hefur haldið marki sínu hreinu í þremur leikjum í röð og raunar ekki fengið á sig mark í deildinni í um 355 mínútur.

Eftir að Arsenal missti unninn leik niður í jafntefli gegn Aston Villa á annan í júlum má Lundúnafélagið vart við því að tapa fleiri stigum í bráð ætli það sér einhverja hluti í toppbaráttunni. Arsenal fær Portsmouth í heimsókn á Emirates-leikvanginn í dag en Tony Adams, knattspyrnu- stjóri Portsmouth, var sem kunnugt er fyrirliði Arsenal til margra ára. Adams á nú undir högg að sækja eftir þrjú töl í röð hjá Portsmouth.

**TORRES** Gæti fengið að sprikla á ný með Liverpool í dag.



**SBRAGIA** Fær að stýra Sunderland áfram eftir gott gengi.

NORDIC PHOTOS/GETTY

## Tilkynning frá Sunderland: Sbragia ráðinn

**FÓTBOLTI** Stjórni enska úrvalsdeildarfélagins Sunderland tilkynnti í gær að bráðabirgðastjórinn Ricky Sbragia hefði samþykkt að stýra félaginu til næstu 18 mánaða en hann hefur stýrt Sunderland frá því að Roy Keane sagði upp störfum í byrjun desember.

- óþ

Norski handboltinn:

## Kristinn varð bikarmeistari

**HANDBOLTI** Kristinn Björgúlfsson varð í gær norskur bikarmeistari með félagi sínu Runar eftir 27-24 sigur í úrslitaleik gegn Elverum.

Kristinn skoraði fjögur mörk fyrir Runar en annar Íslendingur, Sigurður Ari Stefánsson, var atkvæðamestur hjá Elverum með sjö mörk.

- óþ

Með íslensku og ensku tali

FRUMSÝND 26. DESEMBER

JOHN TRAVOLTA MILEY CYRUS

**BOLT**

HANN ER ÖFURHETJA, ÁN ÖFURHETJUKRAFTA

Vinnugar verða afhendir hjá ELKO Lúndum - Skógardind 2. Með því að taka þátt ertu komin í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

Redigree

DISNEY DIGITAL 3D

SENDU SMS  
ESL BOLT Á NÚMERID  
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNID!

Vinnugar eru blámlíkar fyrir tvo á Bolt - DVD myndir  
Tölvuleikir - Varnigar tengdur myndandi - Fullt af Pepsi.

9. HVER VINNUR!





# EKKERT JÓLAFRÍ YFIR HÁTÍÐARNAR



Fallandi gengi íslensku krónunnar hefur hækkað áskriftarverð á erlendum íþróttastöðvum um allt að helming. Það hefur aldrei verið hagstæðara að velja íslenskar íþróttarásir.

**SPORT 2**  
enski boltinn

## Í DAG

KL. 11:50 Newcastle – Liverpool



KL. 13:55 Fulham – Chelsea



KL. 13:55 WBA – Tottenham



KL. 13:55 Bolton – Wigan



KL. 13:55 West Ham – Stoke



KL. 14:45 Arsenal – Portsmouth



KL. 16:05 Blackburn – Man. City



## Á MORGUN

KL. 19:50 Man. Utd. – Middlesbrough



## Á ÞRIÐJUDAG

KL. 19:50 Hull – Aston Villa



**SPORT 2**

enski boltinn



> Kiefer Sutherland

„Það eru tveir hlutir sem Jack Bauer gerir aldrei: sýna miskunn og fara á klósettið.“ Stöð 2 sýnir í kvöld kvikmynd í fullri lengd þar sem bilið milli sjöttu og sjöundu þáttaraðanna af Twenty Four er brúað. Sutherland fer sem fyrr með hlutverk Jacks Bauer.



# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **STÍGUR HELGASON** DUSTAÐI RYKIÐ AF SJÖ ÁRA GÖMLU GRÍNI

## Þá voru skandalar fyrst og fremst fyndnir

Um daginn rifjaði ég upp kynnin við óviðjafnanlegt Áramótas kaup ársins 2001. Það hefði ég betur látið ógert. Það var nefnilega svo gott að litlar líkur eru til þess að kaup Silju Hauksdóttur í ár standist samanburð – þótt efniviðurinn hafi sjaldan verið betri og aldrei nokkru sinni í Íslandssögunni meiri fíflangangur til að hlæja að.

Fyrir sjö árum gekk allt upp. Allt var hárbeitt, allt var spot-on. Gísli Rúnar sló tóninn í hlutverki Árna Johnsen þar sem hann ók glottandi um Heimaey með Sopranos-þemað í bakgrunni. Skaupinu lauk á organdi klímaksi – eftir viðfrægar Davíðs rímur konungs undir Puff Daddy-stefi söng Kjartan Gunnarsson lagði Án þín til Davíðs á háa c-inu. Stefán Karl sem Kári Stefáns, Björn Bjarnason með Die Hard-myndirnar sínar, Jón Steinar reffilegur og Hannes sleikti borð. Leikaravalið var óaðfinnanlegt og sá sem fékk þá hugmynd að láta Emil Gunnar Guðmundsson túlka Kjartan Gunnarsson á í raun skilið sérstök

verðlaun. Óskar, Hallgrímur og Hjálmar urðu á einni kvöldstund ókryndir konungar íslenskrar háðsádeilu.

Ég spái því að við munum ekki hlæja annað eins í ár. Fyrir sjö árum var góðærið á frumstigi. Veislan var að hefjast. Allir voru glaðir. Við máttum við því að flissa yfir vitleysunni og hrista hausinn. Núna, þegar við höfum áttað okkur á því að vitleysan hefur afleiðingar, eru skandalarnir ekki lengur jafnskemmtilegir. Við flissum minna en hristum hausinn þeim mun ákafar. Vonum bara að Silju og félögum takist að sannfæra okkur um að lífið sé enn fyndið.

Að öðru: Í kvöld sýnir sjónvarpið heimildamynd um Paul Potts, fyrrverandi símasölu mann frá Bristol. Hann er frægur fyrir að syngja vel þótt hann sé ljótur(!) sem ætti auðvitað ekki að vera hægt. Kannski að einhverjir geti ornað sér við þá sögu.



**EKKI MISSA AF**



▶ **16.05 Blackburn - Man. City** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.40 Sunnudagskvöld með Evu Mariu** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.50 Numbers** STÖÐ 2



▶ **20.50 My Boys** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50 Dexter** SKJÁREINN

**SJÓNVARPIÐ**

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi, Sigga ligga lá og Danni.

**11.05 Sirkus Arnardo** (e)

**12.05 Aukaleikarar í jólasþáttum** (Extras. The Extra Special Series Finale) (e)

**13.30 Deildabíkar HSÍ BEINT**

**15.10 Sterkasti Maður Íslands IFSA 2008**

**15.50 Deildabíkar HSÍ BEINT**

**17.35 Tákn málsfréttir**

**17.45 Litli draugurinn Labbi** (1:6)

**17.52 Jólábóla**

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Paul Potts - Úr sölu manninn í stórsöngvara Paul Potts** (Fra telefonsælger til verðstjerna) Danskur þáttur um símasölu manninn Paul Potts sem sló í gegn í hæfileikakeppninni Britain's Got Talent og varð frægur um allan heim.

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

▶ **19.40 Sunnudagskvöld milli jóla og nýjárs** Eva María Jónsdóttir ræðir við Pál Skúlason heimsspeking og fyrrverandi háskólarektor.

**20.20 Sommer** (Sommer) (9:10) Dönsk þáttaröð.

**21.20 Sunnudagsbíó - Tár úr steini** Kvikmynd eftir Hilmar Oddsson frá 1995.

**23.10 Þetta er ekkert mál** Heimildamynd eftir Steingrím Þórðarson um Jón Pál Sigmarsson.

**00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

**BIÓ**

**08.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events**

**12.00 Code Breakers**

**14.00 I'm With Lucy**

**16.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events**

**18.00 The Weather Man**

**20.00 Code Breakers** Sannsókguleg kvikmynd um hneyksli sem átti sér stað í herskóla í West Point árið 1951 þegar nokkrir nemendur urðu uppvísir að stórfelldu svindli.

**22.00 Four Brothers**

**00.00 Borat**

**02.00 Fallen: The Destiny** Þriðji hluti.

**04.00 Four Brothers**

**06.00 Smile**

**STÖÐ 2**

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Kalli á þakinu, Refurinn Pablo og Hlaupin.

**08.05 Algjör Sveppi** Lalli, Gulla og grænjaxlamir, Doddi litli og Eymastór, Svampur Sveinsson, Áfram Diego Áfram! og Könnuðurinn Dóra.

**09.55 Bratz**

**10.15 Adventures of Jimmy Neutron**

**10.40 Land Before Time XII: Day of the Flyers**

**12.00 Sjálfstætt fólk**

**12.40 Neighbours**

**13.00 Neighbours**

**13.30 Grumpy Old Women - Christmas Special**

**14.35 The New Adventures of Old Christine** (14:22)

**15.00 Two and a Half Men** (2:19)

**15.25 Monk** (15:16)

**16.15 Surviving Christmas**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (10:10) Sjónvarpskokkurinn og bakaramesturinn Jóa Fel heldur áfram að feta nýjar slóðir og tekur hús á nokkrum af okkar fremstu og efnilegustu matreiðslumönnum.

▶ **19.50 Numbers** Tveir ólíkir bræður sameina kräfte sína við rannsókn flókinnna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiseni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.

**20.35 Mad Men** (2:13)

**21.25 Twenty Four. Redemption** Jack Bauer er hér mættur í sérstakri kvikmynd í fullri lengd sem er ætlað að brúa bilið á milli sjöttu og sjöundu þáttaraðar. Bauer er kominn til Afríkuríkisins Sangala þar sem hann starfar sem trúboði og málláði. Ríkinu er stjórnað af miskunnarlausum stríðsherrum sem manna heri sína með ungum og varnarlausum börnum. Þegar þeir ætla að ná í börn sem eru undir verndarvæng Bauers getur hann ekki horft upp á það aðgerðarlaus og tekur til sinna ráða.

**22.50 Sneakers**

**00.55 Journeyman** (11:13)

**01.40 Sins of the Father**

**03.10 Carlito's Way. Rise to Power**

**04.40 Surviving Christmas**

**06.10 Two and a Half Men** (2:19)

**SPORT** besta sætið

**09.15 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**10.10 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**11.05 NBA körfuboltinn** Útsending frá leik Lakers og Boston í NBA körfuboltanum.

**13.05 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Grosswallstadt og RN Löwen.

**14.25 Wendy's Three Tour Challenge**

**15.45 Wendy's Three Tour Challenge**

**17.00 NFL deildin. NFL Gameday** Magnaður þáttur þar sem hver umferð í NFL deildinni er skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá á spilin.

**17.30 NBA Action** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**18.00 NBA körfuboltinn** Bein útsending frá leik New York og Denver.

**21.00 NFL deildin Útsending** frá leik NY Jets og Miami.

**SPORT 2** enski boltinn

**09.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Bolton.

**10.40 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikimír, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**11.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Newcastle og Liverpool.

**13.55 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Arsenal og Portsmouth.

▶ **16.05 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Blackburn og Man. City.

**18.30 4 4 2**

**21.20 4 4 2**

**22.30 4 4 2**

**23.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Chelsea.

**SKJÁREINN**

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**09.50 Vörutorg**

**10.50 Rachael Ray** (e)

**11.35 Dr. Phil** (e)

**12.20 Dr. Phil** (e)

**13.05 Dr. Phil** (e)

**13.50 Miss Lettie and Me** (e)

**15.20 How to Look Good Naked** (e)

**16.10 Charmed** (13:22) (e)

**17.00 America's Next Top Model** (e)

**17.50 Friday Night Lights** (13:15) (e)

**18.40 Family Guy** (20:20) (e)

**19.10 30 Rock** (14:15) (e)

**19.40 America's Funniest Home Videos** (37:42)

**20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (19:27) Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunn-skólaklarna en þær geta vafist fyrir fullorðnum eins og sannaðir í íslensku þáttunum.

▶ **21.50 Dexter** (7:12) Miguel finnur nýtt fórnarlamb fyrir Dexter sem er ekki sannfærður um að viðkomandi eigi skilið að deyja. Öldruð og dauðvona vinkona Dexters biður hann að aðstoða sig við að fremja sjálfsmorð. Rita kemst að því að eiginkona MIGUELS heldur að hann haldi framhjá.

**22.40 The 51st State** Gamansöm spennynd með Samuel L. Jackson og Robert Carlyle í aðalhlutverkum.

**00.15 Sugar Rush** (7:10) Bresk þáttaröð um samkynhneigða unglingsstúlu og þá erfiðleika sem fylgja því að vera ung, gróð og lesbísk í nútímasamfélagi.

**00.45 Vörutorg**

**01.45 Óstöðvandi tónlist**

**N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS**

**12.15 Samantekt** Sýnt á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.

# SUSHI PARTY

Sushi partybakkar fyrir hátíðarnar

Tilvalið í áramótaveisluna

Sushi hentar vel eitt og sér eða með öðrum veislumat

# NING'S

www.nings.is

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899

Allar pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara.









## ÁRIÐ SEM ER AÐ LÍÐA



„Bílslysið sem ég lenti í er ógleymanlegt og það markaði svolítið árið hjá okkur. Svo verð ég að segja Ameríkutúrinn sem við fórum á. Það var æðislegt að fara hann eftir þetta. Svo var það útgáfan á plötunni okkar.“

Svala Björgvinsdóttir, söngkona Steed Lord.

## HIN HLÍÐIN RÚNAR KÁRASON HANDKNATTLEIKSMÁÐUR Í FRAM

## Draumurinn mun rætast næsta sumar

**Hvað er að fréttu?** Allt gott að fréttu ommeletta.

**Augnlitur:** Blágrár.

**Starf:** Ég er nýútskrifaður úr Menntaskólanum við Hamrahlíð, veit ekki hvað tekur við næsta hálfu árið en svo er það atvinnumenska í handknattleik.

**Fjölskylduhagir:** Mamma, pabbi, Hildur, Salvör og hundurinn Coco, svo á ég líka alveg yndislega kærustu.

**Hvaðan ertu?** 105 Reykjavík.

**Ertu hjátrúarfullur?** Svona smá.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** How I met your mother og Family Guy.

**Uppáhaldsmatur:** Pítsan hjá pabba og mömmu og síðan kjúllinn á Salatbarnum.

**Fallegasti staðurinn:** Skriða í Syðridal.

**Ipod eða geislaspilari?** Oftast Ipod en geislaspilari í bílnum.

**Hvað er skemmtilegast?** Verslunarmannahelgin á Halló Skriðu.is,

heimatilbúinni útihátíð vinahópsins míns.

**Hvað er leiðinlegast?** Þegar mamma tuðar í mér að ganga frá þvottinum.

**Helsti veikleiki:** Egóíð.

**Helsti kostur:** Egóíð og það að vera örvhentur.

**Helsta afrek:** Að hafa komist í landsliðið í handbolta hálfu ári eftir að ég jafnaði mig af hryggbroti.


**Mestu vonbrigðin:** Að fá rautt spjald tvisvar á ferlinum fyrir ekki neitt.

**Hver er draumurinn?** Hann er að rætast næsta sumar.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Þorsteinn Kári Jónsson.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Tilgerð.

**Hvað er mikilvægast?** Að rækta garðinn sinn.



## LÁRÉTT

2. kviður, 6. úr hófi, 8. hár, 9. skarð, 11. ryk, 12. þrykk, 14. hégómi, 16. sjó, 17. traust, 18. fiskur, 20. tímaeining, 21. veikja.

## LÓÐRÉTT

1. rusl, 3. tvíhljóði, 4. planta, 5. angan, 7. skuggi, 10. forað, 13. nytsemi, 15. ruddi, 16. andi, 19. í röð.

## LAUSN

LÖBTRÉTT: 1. sorp, 3. au, 4. gíthra, 5. bíl, 7. forsaeta, 10. fæn, 13. not, 15. 17. tví, 18. áll, 20. ár, 21. lama. LÁRÉTT: 2. magi, 6. of, 8. ull, 9. rof, 11. im, 12. prent, 14. snob, 16. sæ, 17. tví, 18. áll, 20. ár, 21. lama.

## ANITA BRIEM OG GÍSLI ÖRN: Í MILLJARÐA MYNDUM FRÁ HOLLYWOOD

## Íslendingar farnir að gægjast inn í draumaverksmiðjuna Hollywood

Fréttir af afreikum Íslendinga í Hollywood voru nokkuð áberandi á árinu sem er að líða. Atli Örvarsson samdi tónlist við fjórar stórar myndir á árinu og Heba Þórisdóttir stjórnar förðuninni í nýjustu kvikmynd Quentin Tarantino en meðal leikanda í þeirri mynd eru Brad Pitt og Mike Meyers. Hins vegar er það ekki algilt að Íslendingar séu áberandi í kvikmyndunum sjálfum, þeir hafa frekar staðið í tæknilegum útfærslum og tónlist. En 2008 var undantekning.

Kvikmynd Anitu Briem, Journey to the Center of Earth, var frumsýnd á árinu. Myndin skilaði ellefu og hálfum milljarði í miðasölu í Bandaríkjunum og Bretlandi samkvæmt útreikningum vefsíðunnar imdb.com. Myndin kostaði „einingis“ fimm milljarða í framleiðslu og því er um að ræða tæplega sex og hálfan milljarð í gróða bara af miðasölu. Reikna má með að sú tala hækki jafnt og þétt með sölu á DVD-diskum. Hvort Anita fái einhverja sneið af þeirri köku er hins vegar ekki vitað en ekki er óalgennt að leikarar fái bónusgreiðslur ef kvikmyndin gengur vel.

Kvikmynd Baltasars Kormáks, Inhale, verður frumsýnd á næsta ári. Delmot Mulrone og Diane Kruger auk Sam Shepard og Rosanne Arquette leika aðahlutverkin í þessum trylli sem gerist beggja vegna landamæra Bandaríkjanna og Mexíkó. Kostnaður við kvikmyndina eru þó hreinir smáaurar á borð við Journey-3D því hún kostar einungis einn milljarð íslenskra króna. Víkingamynd Baltasar sem nú liggur á teikni-borðinu gæti hins vegar skákað Journey-3D því hún mun, sam-



## MILLJARÐASTJÖRNUR

Anita Briem, Baltasar Kormákur og Gísli Örn Garðarsson komu öll nálægt verkefnum sem kosta marga milljarða. Gísli Örn er þó „kóngurinn“, kvikmyndin Prince of Persia, kostar litla sautján milljarða, jafn mikið og tekjur Kópavogs verða á næsta ári.

kvæmt síðustu fréttum, kosta um og yfir sex milljarða.

Hins vegar blikna bæði Anita og Baltasar í samanburði við kvikmyndina Prince of Persia sem Gísli Örn Garðarsson leikur í. Og kannski ekki nema von þegar menn eru komnir inn undir pilsfaldinn hjá einum fjársterkasta framleiðanda Hollywood; Jerry Bruckheimer. Samkvæmt vefsíðu imdb.com er ráðgert að kvikmyndin kosti 150 milljónir dollara sem samsvara 17 milljörðum íslenskra króna. Til samanburðar má nefna að gert er ráð fyrir að heildartekjur Kópavogs verði einmitt sautján milljarðar á næsta ári. Kvikmyndin National Treasure: Book of Secrets sem

Bruckheimer framleiddi árið 2007 og kostaði svipaðar upphæðir skilaði hins vegar litlum 24 milljörðum í miðasölu í Bandaríkjunum einum saman. Í Bretlandi kom myndin heim með einn milljarð fyrir miðasölu. Reikna má með að Prince of Persia verði allavega á einhverju svipuðu róli. Bruckheimer hefur hins vegar látið hafa eftir sér að Prince of Persia eigi að verða arftaki sjóræningja-æðisins og þá fyrst eru upphæðirnar orðnar stjarnfræðilegar. Síðasta myndin í þrileiknum um Jack Sparrow skilaði þannig 35 milljörðum í miðasölu í Bandaríkjunum. freyrgigja@frettabladid.is



**Gefðu vatn**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

**25% afsláttur af öllum húsgögnum til áramóta**

Opið í dag frá kl.13-16

Mikið úrval!

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375

„...fyrst á visir.is“

**visir.is**

...ég sá það á visir.is

## Aron Pálmi ætlar að vinna Idol

Um 1.600 manns hafa skráð sig í Idol-stjórnuleit Stöðvar 2. Þetta mun vera metfjöldi í sögu íslenska Idolsins en þetta er í fjórða sinn sem keppnin er haldin. Meðal þessara 1.600 eru gamlar Idolstjórnuur sem ekki hlutu náð fyrir augum dómnefndarinnar í síðustu keppnum og hyggjast reyna að klófesta titilinn og þær tvær milljónir sem honum fylgja.

Þekktasti þátttakandinn er án nokkurs vafa Aron Pálmi Ágústsson, eins og greint var frá í DV. Aron var að vanda kátur þegar Fréttablaðið náði tali af honum fyrir jól. Hann var bókaður í tvær máltíðir á aðfangadag, eina með frænku sinni og aðra með „náinni“ vinkonu sinni sem hann vildi þó ekki kalla kærustu sína. „Nei, við erum bara góðir vinir,“ útskýrir hann.

Aron var nokkuð hissa þegar hann heyrði hversu margir hefðu skráð sig í Idolið. „Þeir geta hins vegar bara gleymt þessu því ég á eftir að vinna þetta,“ lýsir hann yfir. Aron var ekki búinn að leggja upp neina hernaðaráætlun til þess að verða fyrstur á svæðið en leist ágætlega á þá hugmynd að panta sér hótélherbergi á Hilton-hótelinu þar sem áheyrnarprufurnar fara fram 10. janúar.

Aron er mikill unnandi hipphopp-tónlistar en hyggst þó ekki rappa fyrir dómnefndina. „Nei, ég ætla að syngja What Thunder Rolls eftir Garth Brooks,“ segir Aron sem telur það algjört lyklatríði að komast í gegnum fyrstu síuna. „Annars verður maður bara aðhláturfefni út næsta ár.“



SYNGUR GARTH BROOKS Aron Pálmi er unnandi góðrar hip/hop-tónlistar en hyggst syngja lag eftir Garth Brooks.



# ALLT FYRIR ÁRAMÓTAPARTÝIÐ!

**Yfir 20 tegundir**  
af höttum og kórónum í öllum regnbogans litum




Verð frá kr. 200

**Grímur og gleraugu**  
í miklu úrvali



Verð frá kr. 150

**Upplýst glös og ísmolar**



**Sjálflýsandi glös og skraut**



**4 stærðir af innisprengjum**  
og yfir 10 tegundir af knöllum



**Fylgihlutir í hundraðatali**



**Úrval borðbúnaðar**  
úr plasti og pappa



**Tugir mismunandi borða og hengja**



**Yfir 10 mismunandi gerðir**  
af veislupökkum



Verð frá kr. 2,450

**Purrís og áramótagasblöðrur**



Purrís: kr. 990 kr/kg  
Gasblaðra: 190 kr/stk

Opið alla daga til áramóta frá 10-22. Gamlaársdag og nýársdag til kl. 17.

# PARTÝ BÚÐIN

ALLT FYRIR VEISLUNA

**Faxafeni 11**

(Gamla Leikbæjarhúsinu við hlið Kaffi Milanó)

Sími: 534-0534



# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Landsprent Auglýsingaeld: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík  
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi  
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm  
í svefnpokaþlassi  
kr. 2.000 nóttin



**BAKÞANKAR**  
Karenar D.  
Kjartansdóttur

## Jóla-kettir

Kettir þykja mér merkilegar skepnur. Slík dýr hafa ávallt átt samastað á heimili mínu. Fletti ég jólamyndum bregst það sjaldnast að við systurnar sitjum við jólatré uppáklæddar og ríghöldum í vansælan kött sem við höfum þvingað í dúkkuklæði sem okkur hafa þótt við hæfi að hann klæddist í tilefni hátíðanna. Líklega eru kattamínningarnar mínar orsökinn fyrir því að mér þykir engin goðsagnavera jólaanna jafn merkileg og jóla-kötturinn.


Á Vísindavef Háskóla Íslands sé ég að sagnir um grimmar myrkraverur á borð við köttinn illskeytta megi finna víða um Evrópu. Jólahafurinn eða jólageitin, sem þrífst víst vel í nágrannalöndum Íslands, er víst skyldust kettinum í háttum að því leyti að hún virðist fátt vilja aðhafast annað en hafa á því gætur að allir sinni verkum sínum fyrir jólin. Auk þess eru þær kisa og geitin sérlega matvandar ófreskjur og vilja lítið annað éta en fátæk börn.

ÞAR sem mínir kettir hafa alla tíð verið blíðir og varkárir í samskiptum sínum við börn velti ég því fyrir mér hvers vegna hryllingsögur um jafn mjúk og falleg dýr gátu orðið til. Þar að auki þá þykja mér kettir svo nýstárlegar skepnur, nánast tákngervingar munúðar og það veit ég fyrir víst að lítið sem ekkert fór fyrir henni stóran hluta Íslandssögunnar. Það er því erfitt fyrir mig að ímynda mér þá hungraða og vælandi í myrkum mörsugs-mánuði að hræða hungrað fólk.

HEIMILDIR benda þó til að kettir hafi búið með Íslendingum frá landnámsöld. Í Íslendingasögunni sem kennd er við Vatnsdæli er að finna frásögn af óspektarmanni sem var verndaður af köttum. Hét sá Þórólfur sleggja og hafði hann sér til trausts og halds um það bil 20 ketti sem segir að hafi verið „ákaflega stórir og allir svartir og mjög trylltir“.

Í bókinni Íslenskar kynjaskepnur segir svo frá viðurstygilegum dýrum sem kölluð eru nákettir. Þeir hafa þann sið að grafa sig í kirkjugarða og rífa í sig lík. Svo vel þrífust þeir á þessari fæðu að þeir urðu stundum jafn stórir og hundar, sauðir og jafnvel nau. Fólk var því ekki einu sinni óhult fyrir kvikindunum í dauðanum.

EFTIR svolitla skoðun á kattasögnunum þjóðarinnar komst ég að því að líklega hafa sögur af þessum óða mannættuketti borist frá forfedrum okkar á Bretlandseyjum. Það er að segja af því svæði sem forfedur okkar sóttu sér vinnufólk og íslenskar óvættir á borð við Banka-Bjögga og Bauga-Jón hafa herjað á saklaust fólk undanfarnar ár.



### GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 28.  
desember, 363. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	11.22	13.29	15.37
Akureyri	11.38	13.14	14.51

Heimild: Almanak Háskólans

# Gleðilegt 2009!

Við þökkum samfylgdina á árinu sem er að líða og óskum landsmönnum öllum gæfu og góðrar ferðar á nýju ári.

## Iceland Express

með ánægju

www.icelandexpress.is